

Úttekt á meðferðarúrræðinu
Karlar til ábyrgðar







Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Jafnréttisstofu
Markmið rannsóknar	Að gera úttekt á meðferðarúrræðinu <i>Karlar til ábyrgðar</i>
Dagsetning skýrsluskila	28. júní 2014

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd
Undirbúningur og gagnaöflun	Ásdís A. Arnalds Elísabet Karlsdóttir Freydís Jóna Freysteinsdóttir
Úrvinnsla	Ásdís A. Arnalds Brynja Rut Vilhjálmsdóttir Elísabet Karlsdóttir Hafsteinn Einarsson
Skýrslugerð	Ásdís A. Arnalds Elísabet Karlsdóttir Hafsteinn Einarsson

EFNISYFIRLIT

Helstu niðurstöður	6
Inngangur	8
Framkvæmd og heimtur	8
Úrvinnsla	10
Niðurstöður könnunar meðal karla	11
<i>Bakgrunnur karla</i>	<i>11</i>
<i>Meðferðin hjá Körlum til ábyrgðar.....</i>	<i>15</i>
<i>Samskipti, lífsgæði og félagsleg virkni.....</i>	<i>19</i>
<i>Breytingar sem verða á samskiptum, lífsgæðum og félagslegri virkni við það að nýta sér meðferðarúrræðið Karlar til ábyrgðar</i>	<i>23</i>
<i>Ofbeldisbeiting</i>	<i>26</i>
Niðurstöður könnunar meðal maka/kærasta.....	37
<i>Bakgrunnur kvenna.....</i>	<i>37</i>
<i>Samskipti, lífsgæði og félagsleg virkni.....</i>	<i>38</i>
<i>Breytingar sem verða á samskiptum, lífsgæðum og félagslegri virkni kvenna við það að maki/kærasti nýtir sér meðferðarúrræðið Karlar til ábyrgðar</i>	<i>39</i>
<i>Ofbeldisbeiting</i>	<i>42</i>

TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1.	Framkvæmd könnunarinnar meðal karla	9
Tafla 2.	Framkvæmd könnunarinnar meðal kvenna.....	9
Tafla 3.	Búseta	11
Tafla 4.	Menntun	11
Tafla 5.	Aldur.....	11
Tafla 6.	Núverandi hjúskaparstaða	12
Tafla 7.	Hvert er samband þitt við þá konu sem þú varst með fyrir meðferð?.....	12
Tafla 8.	Átt þú börn sem dvelja hjá þér að staðaldri, sem annað hvort búa hjá þér eða koma reglulega til dvalar, t.d. eina til tvær helgar í mánuði?	12
Tafla 9.	Hvernig kom það til að þú hófst meðferð hjá KTÁ? Komstu að eigin frumkvæði eða benti einhver þér á að sækja úrræðið?	14
Tafla 10.	Fjöldi viðtala	15
Tafla 11.	Hvers vegna voru viðtölin ekki fleiri en eitt eða tvö?	15
Tafla 12.	Lengd meðferðar.....	15
Tafla 13.	Hvenær fórstu síðast í viðtal hjá KTÁ?.....	16
Tafla 14.	Meðferðarform.....	16
Tafla 15.	Hefur maki þinn komið í viðtal hjá KTÁ?	16
Tafla 16.	Þegar á heildina litið, ertu ánægður eða óánægður með meðferðina KTÁ?	17
Tafla 17.	Þegar á heildina litið, ertu ánægður eða óánægður með meðferðina KTÁ? - bakgrunnsgreining	17
Tafla 18.	Þegar á heildina litið, ertu ánægður eða óánægður með samskipti þín við eftirtalda aðila?	19
Tafla 19.	Ánægja/óánægja með samkipti við maka/kærustu - bakgrunnsgreining	20
Tafla 20.	Þegar á heildina litið, hversu ánægður eða óánægður ertu með eftirtalda þætti?	21
Tafla 21.	Hversu oft tekur þú þátt í íþróttum og/eða tómstundum, umgengst þú vini og kunningja og umgengst þú nána ættingja?	21
Tafla 22.	Félagsleg þátttaka	22
Tafla 23.	Ertu sammála eða ósammála því að eftirfarandi hegðun hafi breyst eftir að þú hófst meðferð hjá KTÁ?	23
Tafla 24.	Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að samskipti þín við eftirtalda aðila séu betri, eins eða verri en þau voru áður en þú hófst meðferð hjá KTÁ?	24
Tafla 25.	Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að eftirtaldir þættir séu betri, eins eða verri en þeir voru áður en þú hófst meðferð hjá KTÁ?	26
Tafla 26.	Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að þú verjir meiri, jafnmiklum eða minni tíma í eftirfarandi en þú gerðir áður en þú hófst meðferð hjá KTÁ?	26
Tafla 27.	Hversu oft beittir þú maka þinn þessum tegundum ofbeldis síðustu 3 mánuði áður en þú hófst meðferð hjá KTÁ?	29
Tafla 28.	Hefur þú hegðað þér á eftirfarandi hátt gagnvart maka þínum eða fyrrverandi maka á undangengnum þremur mánuðum?	30

Tafla 29.	Hlutfall svarenda sem einhvern tíma beitti líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi síðustu þrjá mánuði áður en meðferð hófst og á undangengnum þremur mánuðum.....	31
Tafla 30.	Bakgrunnsgreining karla sem einhvern tíma höfðu beitt líkamlegu ofbeldi á undangengnum þremur mánuðum.	32
Tafla 31.	Bakgrunnsgreining karla sem einhvern tíma höfðu beitt andlegu ofbeldi á undangengnum þremur mánuðum	33
Tafla 32.	Vilt þú koma einhverju á framfæri varðandi meðferðarúræðið KTÁ?	36
Tafla 33.	Búseta	37
Tafla 34.	Menntun	37
Tafla 35.	Aldur.....	37
Tafla 36.	Átt þú börn sem dvelja hjá þér að staðaldri, sem annað hvort búa hjá þér eða koma reglulega til dvalar, t.d. eina til tvær helgar í mánuði?	38
Tafla 37.	Þegar á heildina litið, ertu ánægð eða óánægð með samskipti þín við eftirtalda aðila?	38
Tafla 38.	Þegar á heildina er litið, ertu ánægð eða óánægð með eftirtalda þætti?	38
Tafla 39.	Hversu oft tekur þú þátt í íþróttum og/eða tómstundum, umgengst þú vini og kunningja og umgengst þú nána ættingja?	39
Tafla 40.	Ertu sammála eða ósammála því að eftirfarandi hegðun hafi breyst hjá maka þínum eða kærasta eftir að hann hóf meðferð hjá KTÁ?	39
Tafla 41.	Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að eftirtaldir þættir séu betri, eins eða verri en þeir voru áður en maki þinn eða kærasti hóf meðferð hjá KTÁ?	42
Tafla 42.	Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að þú verjir meiri, jafnmiklum eða minni tíma í eftirfarandi en þú gerðir áður en maki þinn eða kærasti hóf meðferð hjá KTÁ?	42
Tafla 43.	Hversu oft beitti maki þinn eða kærasti þig þessum tegundum ofbeldis síðustu þrjá mánuði áður en hann hóf meðferð hjá KTÁ?	44
Tafla 44.	Hversu oft hefur hann sýnt þér eftirfarandi hegðun á undangengnum þremur mánuðum?	45
Tafla 45.	Hlutfall kvenna sem höfðu verið beittar líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi síðustu þrjá mánuði áður en maki hóf meðferð á undangengnum þremur mánuðum	46
Tafla 46.	Viltu koma einhverju á framfæri í lokin varðandi meðferðarúræðið KTÁ?	47

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Í símakönnun meðal karla sem höfðu nýtt sér meðferðarúrræðið *Karlar til ábyrgðar* kom í ljós að þeir voru almennt ánægðir með úrræðið. Karlar sem höfðu verið í hópmeðferð voru líklegri til að vera mjög eða frekar ánægðir með meðferðina en þeir sem höfðu verið í einstaklingsmeðferð. Þá var ánægjan mest meðal yngstu þátttakendanna, en allir þeir sem voru 35 ára eða yngri sögðust vera mjög eða frekar ánægðir með meðferðina.
- Meirihluti (72%) karla sem höfðu nýtt sér meðferðarúrræðið *Karlar til ábyrgðar* sinntu íþróttá- eða tómstundastarfi tvisvar í viku eða oftár, 48% umgengust vini eða kunningja tvisvar í viku eða oftár og 36% umgengust nána ættingja tvisvar í viku eða oftár. Félagsleg þátttaka karla sem höfðu einungis farið í eitt til fimm viðtöl á vegum *Karla til ábyrgðar* var að jafnaði minni en þeirra sem höfðu farið í fleiri en fimm viðtöl. Sömuleiðis var félagsleg þátttaka þeirra sem höfðu verið í meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* í eitt ár eða lengur meiri en þeirra sem höfðu sótt meðferð skemur en eitt ár.
- Aðspurðir um hvað hefði breyst við að sækja viðtöl hjá *Körlum til ábyrgðar* voru nær allir á því að þeir ættu auðveldara með að halda ró sinni við ögrandi aðstæður. Mikill meirihluti taldi sig vera betra foreldri en áður, sýna maka sinum betri skilning og að þeim semdi betur við annað fólk eftir að þeir hófu viðtalsmeðferðina. Þegar spurt var um breytingu á samskiptum kom í ljós að mikill meirihluti (93%) taldi samskiptin við maka eða kærustu hafa batnað eftir að meðferð hófst.
- Þegar karlarnir voru spurðir um ofbeldisbeitingu síðustu þrjú mánuði áður en meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* hófst og á undangengnum þremur mánuðum kom í ljós að ofbeldisatvikum fækkaði verulega eftir að þeir sóttu meðferð. Síðustu þrjú mánuði áður en meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* hófst sögðust 54% karla hafa beitt eiginkonu sína eða kærustu líkamlegu ofbeldi einu sinni eða oftár, 2% höfðu beitt kynferðislegu ofbeldi og 74% höfðu beitt andlegu ofbeldi. Aftur á móti sögðust einungis 4% svarenda einhvern tíma hafa beitt líkamlegu ofbeldi á undangengnum þremur mánuðum og 22% höfðu beitt andlegu ofbeldi.
- Auk þess að leggja fyrir spurningar í síma var rætt augliti til auglitis við sex karla sem höfðu nýtt sér meðferðarúrræðið *Karlar til ábyrgðar*. Í viðtölunum kom fram að flestir karlanna höfðu orðið fyrir einelti í æsku, alist upp við harðræði eða ofbeldi sem þeir tóku síðan með sér í sambönd á fullorðinsárum, í flestum tilfellum ómeðvitað.
- Í viðtölunum kom fram að karlarnir voru jákvæðir í garð meðferðarinnar. Þeir voru sammála um að ákveðin hugafarsbreyting hafi átt sér stað við að sækja meðferð.

Skapferli þeirra væri ef til vill það sama og áður en í meðferðinni lærðu þeir að bregðast öðruvísi við áreiti þannig að það að beita ofbeldi yrði ekki ósjálfráð viðbrögð.

- Í viðtölunum sögðu karlarnir einnig frá því að meðferðin hafi breytt sambandi þeirra við makann sem og annað fólk. Það væri meiri nánd og virðing í sambandinu en áður. Þá væru þeir betri hlustendur, makar og vinir.
- Framkvæmd var símakönnun meðal eiginkvenna og kærasta þeirra karla sem höfðu sótt meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*. Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að flestar þeirra voru mjög eða frekar sammála því að makinn ætti auðveldara með að halda ró sinni við ögrandi aðstæður og ríflega sex af hverjum tíu voru mjög eða frekar sammála fullyrðingum um að hann væri betra foreldri nú en áður, að honum semdi betur við annað fólk og að hann sýndi þeim betri skilning.
- Sjö af hverjum tíu konum, sem tóku þátt í könnuninni, töldu andlega heilsu sína hafa batnað eftir að maki þeirra eða kærasti hóf meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*.
- Þegar konurnar voru spurðar út í ofbeldi af hendi maka bæði áður og eftir að hann hóf viðtalsmeðferðina kom í ljós að verulega dró úr ofbeldi af hendi maka eftir að meðferðin hófst. Síðustu þrjá mánuði áður en maki eða kærasti hóf meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* sögðust 83% kvennanna einhvern tíma hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi af hendi maka, um þriðjungur hafði verið beittar kynferðislegu ofbeldi og níu af hverjum tíu höfðu verið beittar andlegu ofbeldi. Á undangengnum þremur mánuðum sögðust aftur á móti 15% kvenna hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi af hendi maka, 11% kváðust hafa verið beittar kynferðislegu ofbeldi á þessu tímabili og 50% sögðust hafa verið beittar andlegu ofbeldi.
- Auk þess að leggja spurningar fyrir eiginkonur og kærustur í gegnum síma, var rætt augliti til auglitis við sex konur sem höfðu átt í sambandi við karl sem hafði sótt meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*. Í viðtölunum kom fram að konurnar áttu oft erfitt með að viðurkenna að þær byggju við ofbeldi og oft þurfti utanaðkomandi aðila til koma þeim það fyrir sjónir. Þær höfðu einnig sektarkennd yfir því að hafa átt sinn þátt í að þær voru beittar ofbeldi og töldu sig bera einhverja ábyrgð.
- Konurnar voru almennt ánægðar með úrræðið og segja að dregið hafi úr ofbeldinu, sérstaklega líkamlega ofbeldinu, eftir að eiginmaður þeirra eða kærasti hóf meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*.

INNGANGUR

Karlar til ábyrgðar er meðferðarúrræði fyrir karla sem beita ofbeldi. Að beiðni Jafnréttisstofu gerðu Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) úttekt á meðferðarúrræðinu. Tilgangur úttektarinnar var að leita svara við því hvert væri viðhorf þeirra sem sækja meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* til úrræðisins og að kanna hvaða breytingar verða á hegðun, lífsgæðum og félagslegum samskiptum karla við það að sækja viðtalsmeðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*. Tilgangur úttektarinnar var einnig að leita svara við því hvaða breytingar verða á högum kvenna við það að eiginmaður þeirra eða kærasti sækir meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*.

AÐFERÐ

Í þessum kafla verður fjallað um þær aðferðir sem notaðar voru við gagnaöflun. Rannsóknarsniðið sem hér er notað kallast á ensku *triangulation* og merkir að fleiri en ein aðferð var notuð til að safna gögnun. Rannsóknin var unnin með megindegum og eigindlegum aðferðum. Meginlegi hlutinn fól í sér gagnaöflun með símakönnun meðal karla sem höfðu nýtt sér meðferðarúrræðið *Karlar til ábyrgðar* (KTÁ) og eiginkvenna eða kærasta karla sem höfðu nýtt sér úrræðið. Til viðbótar voru tekin eigindleg viðtöl við sex karla sem höfðu tekið þátt í úrræðinu og sex konur sem áttu eiginmann eða kærasta sem höfðu nýtt sér úrræðið. Markmiðið með símakönnuninni var að afla upplýsinga frá þátttakendum og mökum þeirra um meðferðarúrræðið KTÁ og árangur þess. Viðtölunum var síðan ætlað að gefa meiri dýpt í aðstæður karla sem hafa nýtt sér meðferðarúrræðið sem og kvenna sem áttu maka eða kærasta sem höfðu nýtt úrræðið. Við úrvinnslu gagna var ákveðið að flétta saman niðurstöðum úr símakönnun og viðtölunum. Með því að nota þessa aðferð fæst ennþá betri mynd að hópnum en ef aðeins önnur aðferðin hefði verið notuð.

Framkvæmd símakönnunar og heimtur

Verkefnahópur *Karla til ábyrgðar* sendi kynningarbréf til allra karla og eiginkvenna/sambýliskvenna karla sem höfðu tekið þátt í úrræðinu frá því það var endurvakið árið 2006. Viðtakendur sem ekki höfðu áhuga á þátttöku voru beðnir að láta verkefnahópinn vita áður en listi yfir þátttakendur var sendur til RBF og Félagsvísindastofnunar HÍ. Þannig fengu framkvæmdaraðilar rannsóknarinnar ekki að vita hverjir neituðu að taka þátt í rannsókninni. Þann 7. júní 2013 afhenti verkefnahópurinn RBF og Félagsvísindastofnun HÍ lista yfir nöfn þeirra sem

ekki höfðu afþakkað þátttöku. Listinn innihélt nöfn 111 karla sem höfðu sótt meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* og 59 eiginkvenna eða sambýliskvenna þeirra. Einn karl og tvær konur gátu ekki tekið þátt í könnuninni vegna þess að þau töluðu ekki íslensku. Þá var ein konan látin. Svarhlutfall meðal karla að teknu tilliti til brottfalls var 45% og svarhlutfall í könnuninni meðal kvenna var 54% (sjá töflur 1 og 2).

Tafla 1. Framkvæmd könnunarinnar meðal karla

Upplýsingasöfnun	10. - 28. júní 2013
Framkvæmdarmáti	Símakönnun
Fjöldi í þýði	111
Fjöldi svarenda	50
Brúttó svarhlutfall	45%
Nettó svarhlutfall	45%

Tafla 2. Framkvæmd könnunarinnar meðal kvenna

Upplýsingasöfnun	10. - 28. júní 2013
Framkvæmdarmáti	Símakönnun
Fjöldi í þýði	59
Fjöldi svarenda	30
Brúttó svarhlutfall	51%
Nettó svarhlutfall	54%

Framkvæmd eigindlegra viðtala

Tekin voru viðtöl við sex karla og sex konur. Karlarnir höfðu allir nýtt sér meðferðarúrræðið *Karlar til ábyrgðar* og konurnar voru makar eða kærustur karla sem höfðu nýtt sér úrræðið. Viðtölin fóru fram á tímabilinu 29. nóvember 2013 til 1. apríl 2014. Erfiðlega gekk að fá fólk til að veita viðtal. Töluvert var um að fólk samþykkti, af fúsum og frjálsum vilja, í gegnum síma að veita viðtal en mætti svo ekki í bókað viðtal eða afboðaði sig með stuttum fyrirvara. Í 17 tilfellum mætti enginn í viðtal sem búið var að bóka í gegnum síma og í átta tilvikum tilkynnti fólk skömmu fyrir viðtalið að það gæti ekki mætt. Mun erfiðara reyndist að fá viðtöl við konur en karla. Að lokum tókst þó að fá viðtöl við sex konur og sex karla. Karlarnir voru á aldrinum 25 til 42 ára, fimm þeirra voru ennþá giftir eða í sambúð með sömu konunni og þeir voru með þegar þeir hófu meðferð, en einn þeirra var skilinn. Meðferðin hjá þeim var mislöng, styst varði hún í þrjá til fjóra mánuði eða 10 viðtöl en lengst tvö ár. Aldursbil kvennanna var mun breiðara, en yngsta konan sem rætt var við var 32 ára og sú elsta 75 ára. Fjórar þeirra voru ennþá í gíftar eða í sambandi við sömu mennina og sóttu meðferð en tvær þeirra höfðu skilið eða slitið samvistum við karlana. Erfiðara var fyrir konurnar að gefa upp nákvæma tímalengd meðferðar en það átti sérstaklega við um þær sem voru ekki

ennþá í sambandi við karlinn. Frásagnir kvennanna benda þó til að lengd meðferðarinnar hafi spannað frá örfáum viðtölum upp í tveggja ára langa meðferð. Viðtölin voru að jafnaði um það bil klukkustund, sum styttri og önnur lengri. Viðtölin voru tekin upp og síðan afrituð orðrétt. Notast var við spurningavísi í viðtölunum, en lögð var áhersla á leyfa viðmælendum að segja frá því sem þeim þótti skipa máli, í þeirri röð sem þeir óskuðu. Viðtölin voru síðan greind í þemu sem komu fram við kóðun á gögnunum.

ÚRVINNSLA

Svör í könnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu. Niðurstöður eru birtar í töflum og myndum sem sýna hlutföll svarenda í afstöðu sinni til þeirra svarmöguleika sem í boði voru. Einnig er sums staðar að finna töflur sem sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir fjölda viðtala, lengd meðferðar, hvenær þátttakendur fóru síðast í viðtal hjá *Körlum til ábyrgðar*, hvort þeir sóttu einstaklingsmeðferð eða hópmeðferð, búsetu, menntun, aldri, hjúskaparstöðu, núverandi sambandi við þá konu sem þeir voru með fyrir meðferð og því hvort þeir eiga börn sem dvelja hjá þeim að staðaldri. Í töflunum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Athygli er vakin á því að um fáa svarendur er að ræða. Þess vegna getur hvert svar valdið töluverðri breytingu á hlutföllum.

Eigindlegu viðtölin voru tekin upp, með samþykki viðmælenda og afrituð orðrétt. Hvert viðtal var lesið vandlega yfir og þemu eða meginatriði dregin fram með því að gefa textabútum nafn, en slík vinnuaðferð kallast kóðun. Í framhaldi voru kóðanir allra viðtala flokkaðar í meginþemu og undirþemu. Við skrif upp úr viðtölum voru frásagnir viðmælenda fléttaðar niðurstöðum könnunarinnar.

NIÐURSTÖÐUR ÚTTEKTAR MEÐAL KARLA

Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöður könnunar og viðtala meðal karla sem hafa nýtt sér meðferðarúrræðið *Karlar til ábyrgðar*.

Bakgrunnur karla

Í könnuninni voru svarendur spurðir um þeirra persónulegu hagi. Tafla 3 sýnir að meirihluti karlanna var búsettur á höfuðborgarsvæðinu (88%).

Tafla 3. Búseta

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði	44	88%	88%
Landsbyggð	6	12%	12%
Alls	50	100%	

Tafla 4 sýnir að algengast var að þeir höfðu lokið iðnnámi eða bóklegu námi á framhaldsskólastigi (60%).

Tafla 4. Menntun

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Grunnskóli	8	16%	16%
Iðnnám eða bóklegt framhaldsskólapróf	30	60%	60%
Háskólapróf	12	24%	24%
Fjöldi svara	50	100%	

Yngsti þátttakandinn í könnuninni var 22 ára og sá elsti 73 ára. Meðalaldur þátttakenda var 41 ár. Í töflu 5 er búið að flokka aldur í þrjá flokka. Þar sést að tæplega þriðjungur þátttakenda var 35 ára eða yngri, jafnstór hópur var á aldrinum 36 til 40 ára og 36% voru 41 árs eða eldri.

Tafla 5. Aldur

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
35 ára eða yngri	16	32%	32%
36 til 40 ára	16	32%	32%
41 árs eða eldri	18	36%	36%
Alls	50	100%	

Meirihluti þátttakenda (78%) var í hjónabandi eða sambandi þegar könnunin var gerð.

Tafla 6. Núverandi hjúskaparstaða

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Í hjónabandi eða sambandi	39	78%	78%
Einhleygur eða fráskilinn	11	22%	22%
Fjöldi svara	50	100%	

Af þeim 39 körlum sem voru í hjónabandi eða sambandi kvaðst 31 enn vera í hjónabandi eða sambandi með þeirri konu sem þeir voru með áður en meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* hófst (sjá töflu 7).

Tafla 7. Hvert er samband þitt við þá konu sem þú varst með fyrir meðferð?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Erum í hjónabandi/sambandi	31	62%	62%
Höfum slitið samvistum/skilið	8	16%	16%
Var aldrei í hjónabandi/sambandi	11	22%	22%
Alls	50	100%	

Tafla 8 sýnir að meirihluti karlanna (78%) átti börn sem annað hvort bjuggu hjá þeim eða komu reglulega til dvalar á heimili þeirra.

Tafla 8. Átt þú börn sem dvelja hjá þér að staðaldri, sem annað hvort búa hjá þér eða koma reglulega til dvalar, t.d. eina til tvær helgar í mánuði?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	39	78%	78%
Nei	11	22%	22%
Alls	50	100%	

Í viðtölunum ræddu karlarnir um uppvöxt sinn og hvað hafi mótað þá í æsku. Helstu áhrifaþættir sem karlarnir nefndu voru uppeldið sjálft, einelti og vímuefnanotkun. Flestir sögðu frá því að faðir þeirra eða báðir foreldrar hafi verið mjög stjórnsamir og að þrátt fyrir óánægju með hegðun föðurins hafi þeir síðar farið að hegða sér á svipaðan hátt þegar þeir stofnuðu sitt eigið heimili.

Já þetta er kannski alveg þú veist klisja hérna, þú veist. Það er að kenna foreldrum um eða eitthvað svoleiðis en maður tekur með sér alveg ótrúlega margt úr uppvextinum sem maður eins og bara allt í einu fattar maður að hljómar eins og pabbi sinn sko.

Ég tek upp nákvæmlega sama gagnvart mínum börnum og [andvarpar] gagnvart mínum maka. Er þú veist ógnandi, er með yfiring þó það sé ekki þú veist beint líkamlegt ofbeldi og svona hroki og þú veist.

Hjá sumum fór það ekki á milli mála að líkamlegu ofbeldi hafði verið beitt í uppveixinum en aðrir áttuðu sig jafnvel ekki á því fyrr en í seinni tíð að um var að ræða líkamlegt ofbeldi þar sem mörkin á milli ofbeldis og refsingar voru ekki endilega skýr.

Ég var ekki laminn sundur og saman en þú veist samt nóg til þess að hérna þú veist maður er tuskaður til og svona þú veist, tekinn harkalega og þess háttar.

Flestir viðmælendur urðu fyrir einelti í æsku sem olli því að reiði safnaðist upp og þörf fyrir að verja sig eða hefna sín kom fram. Þeir ræddu jafnvel um að í kjölfar eineltis hafi þeir lært að verja sig með slagsmálum og notuðu slíka aðferð með góðum árangri, að eigin mati, áfram út í lífið.

Ég var lagður í rosalegt einelti þegar ég var yngri og [...] ég losnaði út úr því með ofbeldi, þannig að þeir eru að segja mér að þetta sé mjög mikið til bara lærð hegðun.

Flestir viðmælendur voru með sögu um áfengis- eða vímuefnaneyslu og byrjuðu jafnvel snemma að reykja eða smakka áfengi. Hjá sumum hófst áfengisneyslan þegar þeir voru börn að aldri og litaði samskipti þeirra við aðra. Þessir viðmælendur höfðu tekið á sínum málum og nota áfengi í hófi eða sleppa því alveg í dag.

Aðdragandi þess að karlarnir hófu meðferð hjá KTÁ

Tafla 9 sýnir að tæpur helmingur svarenda í könnuninni hóf meðferð hjá KTÁ að eigin frumkvæði en í 30% tilvika hafði maki þeirra bent þeim á úrræðið og 30% tilvika hafði sálfræðingur, félagsráðgjafi, læknir eða annar sérfræðingur bent á úrræðið.

Tafla 9. Hvernig kom það til að þú hófst meðferð hjá KTÁ? Komstu að eigin frumkvæði eða benti einhver þér á að sækja úrræðið?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Hlutfall
Ég kom að eigin frumkvæði	24	48%	48%
Maki minn benti mér á úrræðið	15	30%	30%
Sálfræðingur, félagsráðgjafi, læknir eða annar sérfræðingur benti mér á úrræðið	15	30%	30%
Fjölskyldumeðlimur (annar en maki) benti mér á úrræðið	6	12%	12%
Vinur/kunningi/vinnufélagi benti mér á úrræðið	1	2%	2%
Einhver annar benti mér á úrræðið	1	2%	2%
Alls	62	124%	Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er samantlagt hlutfall svarenda stærra en 100%

Í viðtölunum var rætt um ofbeldisbeitinguna og aðdraganda þess að karlarnir hófu meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*. Í sumum tilfellum átti það sér langan aðdraganda að karlarnir ákváðu að leita sér hjálpar. Þannig var t.d. nokkuð um að eiginkona eða aðrir nánir aðstandendur höfðu í gegnum tíðina bent á ofbeldishegðuna en karlarnir voru í það mikilli afneitun að þeir gerðu sér ekki grein fyrir eðli vandamálsins. Í dæminu hér að neðan má sjá að eiginkona ræðir við systur geranda og biður hana að ræða við viðkomandi.

Konan mín ræddi þetta ekki við mig því það þýddi ekki og svo fór hún til útlanda með krakkana, mömmu sinni og pabba og hringdi í systur mína og spurði hún hvort hún væri tilbúin til þess að tala við mig og hún hringdi í mömmu og fékk hana með sér, vissi að ég væri einn heima og kom bara til þess að benda mér á þessa hluti.

Það var misjafnt hvenær viðmælendur áttuðu sig á því að þeir væru að beita ofbeldi. Einn viðmælenda sagði frá því að þegar hann hafi orðið vitni að því að sonur hans væri farinn að beita ofbeldi þá hafi hann ákveðið að leita sér hjálpar.

Pabbi segir það megi gera svona, þá bara fer einhver ferill í gang. Ég man ekki hvort hann sló frá sér eða eitthvað gerðist, skilurðu? Pabbi

hans segir að það megi gera svona, þú veist, það er ekki rétt, skilurðu, og hvað er hann að gera? Þá fer það bara í ákveðinn feril.

Aðrir áttuðu sig á vandanum þegar þeir fóru að viðurkenna að ofbeldi er ekki bara líkamlegs eðlis og að andlegt ofbeldi getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Meðferðin hjá *Körlum til ábyrgðar*

Tafla 10 sýnir að 36% svarenda í könnuninni höfðu farið í eitt til fimm viðtöl á vegum *Karla til ábyrgðar*, 40% höfðu farið í sex til 10 viðtöl og fjórðungur hafði farið í 11 viðtöl eða fleiri.

Tafla 10. Fjöldi viðtala

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
1 til 5 viðtöl	18	36%	36%
6 til 10 viðtöl	20	40%	40%
11 viðtöl eða fleiri	12	24%	24%
Fjöldi svara	50	100%	

Þeir karlar sem einungis höfðu farið í eitt eða tvö viðtöl voru spurðir hvers vegna viðtölin voru ekki fleiri en eitt eða tvö. Opín svör þátttakenda við þeirri spurningu má sjá í töflu 11.

Tafla 11. Hvers vegna voru viðtölin ekki fleiri en eitt eða tvö?

Það var í rauninni hún sem beitti mig ofbeldi en ekki öfugt.
 Var ekki þörf á fleiru en einu viðtali.
 Sálfræðingurinn ætlaði að hringja í mig en gerði það svo ekki og ég hringdi aldrei sjálfur til baka.
 Orsakaðist af samskiptavandamálum við meðferðaraðila.
 Fór í viðtal á eigin vegum.
 Ég fór úr landi þegar þetta átti að vera. Viðtölin áttu ekkert að vera mikið fleiri hvort eð er.

Níu þátttakendur höfðu aðeins sótt meðferð í einn mánuð en þeir sem lengst höfðu verið í meðferð höfðu sótt viðtöl yfir þriggja ára tímabil. Tafla 12 sýnir að nærri tveir af hverjum þremur höfðu sótt meðferð skemur en eitt ár.

Tafla 12. Lengd meðferðar

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Innan við eitt ár	32	65%	65%
Eitt ár eða lengur	17	35%	35%
Fjöldi svara	49	100%	
Ekki vitað	1		
Alls	50		

Af þeim 50 körlum sem tóku þátt í könnuninni hafði 21 síðast farið í viðtal á vegum *Karla til ábyrgðar* á árunum 2006 til 2011 og 29 fóru síðast í viðtal árið 2012 eða 2013 (sjá töflu 13).

Tafla 13. Hvenær fórstu síðast í viðtal hjá KTÁ?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Á árunum 2006 til 2011	21	42%	42%
Árið 2012 eða 2013	29	58%	58%
Fjöldi svara	50	100%	

Í flestum tilvikum var um að ræða einstaklingsmeðferð (72%) en 28% svarenda höfðu farið í hópmeðferð (sjá töflu 14).

Tafla 14. Meðferðarform

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Hópmeðferð	14	28%	28%
Einstaklingsmeðferð	36	72%	72%
Alls	50	100%	

Tafla 15 sýnir að ríflega tveir af hverjum þremur sögðu eiginkonu sína eða kærustu hafa farið í viðtal hjá *Körlum til ábyrgðar*. Þetta átti við um alla þá sem höfðu farið í hópmeðferð og nærri 60% þeirra sem höfðu verið í einstaklingsmeðferð.

Tafla 15. Hefur maki þinn komið í viðtal hjá KTÁ?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	19	68%	68%
Nei	9	32%	32%
Fjöldi svara	28	100%	
Veit ekki	3		
Höfum slitð sambandi	8		
Á ekki maka	11		
Alls	50		

Þegar spurt var um ánægju með meðferðarráðgjafið kom í ljós að mikill meirihluti var mjög eða frekar ánægður með meðferðina hjá *Körlum til ábyrgðar* (87%) (sjá töflu 16). Í töflu 17 er spurningin greind eftir nokkrum bakgrunnspáttum. Þar sést að allir þeir 14 karlar sem höfðu farið í hópmeðferð voru mjög eða frekar ánægðir með meðferðarráðgjafið. Nokkur munur var á svörum eftir aldri. Ánægjan var mest meðal yngstu þátttakendanna, en allir þeir sem voru 35 ára eða yngri sögðust vera mjög eða frekar ánægðir með meðferðina. Hið sama átti við um 76% þeirra sem voru 41 árs eða eldri.

Tafla 16. Þegar á heildina litið, ertu ánægður eða óánægður með meðferðina KTÁ?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Mjög ánægður	33	67%	67%
Frekar ánægður	10	20%	20%
Hvorki ánægður né óánægður	4	8%	8%
Frekar óánægður	2	4%	4%
Mjög óánægður	0	0%	0%
Fjöldi svara	49	100%	
Veit ekki	1		
Alls	50		

Tafla 17. Þegar á heildina litið, ertu ánægður eða óánægður með meðferðina KTÁ? - bakgrunnsgreining

	Hvorki			Fjöldi	Mjög/frekar ánægður
	Mjög/frekar ánægður	ánægður né óánægður	Frekar/mjög óánægður		
Heild	88%	8%	4%	49	88%
Fjöldi viðtala					
1 til 5 viðtöl	83%	11%	6%	18	83%
6 til 10 viðtöl	95%	5%	0%	20	95%
11 viðtöl eða fleiri	82%	9%	9%	11	82%
Lengd meðferðar					
Innan við eitt ár	88%	9%	3%	32	88%
Eitt ár eða lengur	88%	6%	6%	16	88%
Síðasta viðtal					
Á árunum 2006 til 2011	90%	10%	0%	20	90%
Árið 2012 eða 2013	86%	7%	7%	29	86%
Meðferðarform					
Hópmeðferð	100%	0%	0%	14	100%
Einstaklingsmeðferð	83%	11%	6%	35	83%
Búseta					
Höfuðborg	88%	7%	5%	43	88%
Landsbyggð	83%	17%	0%	6	83%
Menntun					
Grunnskóli	88%	13%	0%	8	88%
lönnám eða bóklegt framhaldsskólapróf	90%	3%	7%	30	90%
Háskólapróf	82%	18%	0%	11	82%
Aldur					
35 ára eða yngri	100%	0%	0%	16	100%
36 til 40 ára	88%	13%	0%	16	88%
41 árs eða eldri	76%	12%	12%	17	76%
Börn sem dvelja hjá þér að staðaldri					
Já	89%	8%	3%	38	89%
Nei	82%	9%	0%	11	82%

0% 25% 50% 75% 100%

Ánægja með meðferðina var einnig til umræðu í viðtölunum, en viðmælendur höfðu almennt mjög jákvæða sögu að segja af meðferðinni. Haft var á orði að það væri gott að geta talað við einhvern sem færi ekki í kringum hlutina heldur spyrði hreint út um þetta viðkvæma málefni og tæki engar afsakanir gildar. Eftir því sem leið á meðferðina fundu viðmælendur fyrir ákveðinni hugarfarsbreytingu sem hafði jákvæð áhrif á samskipti þeirra við sína nánustu og það jók á ánægju þeirra með úrræðið.

Þeim mun lengra sem kom inn í viðtölin, þeim mun svona meira áttaði maður sig á hvað maður hefði gert vitlaust, þú veist og hérna, fór bara svona að hugsa það kannski öðruvísi.

Misjafnt var hvort viðmælendur kunnu betur við hópatíma eða einstaklingsviðtöl. Sumum fannst gott að ræða sín mál við aðra sem höfðu verið í svipaðri aðstöðu en það sjónarmið kom einnig fram að karlarnir væru of ólíkir til þess að þeir hefðu gagn af hóptímunum.

Ég var kannski ekkert sérstaklega að hérna fylgja því eftir að vera í hópnum. Því fleiri viðtöl sem komu, þeim mun meira var maður eiginlega bara kominn svona inn í sko aðra hugsun með þetta sko.

En þó körlunum bæri saman um að meðferðin væri góð fannst flestum þetta vera erfið vinna. Það reyndi til dæmis á að sitja innan um aðra karla og deila reynslu sinni af því að beita aðra manneskju ofbeldi.

Ég var rosalega hræddur við þetta fyrst eða svona feiminn við þetta, þú veist, fara að sitja með fullt af einhverjum mönnum, allir að ræða eitthvað sem við erum að gera sem við eigum ekki að vera að gera, skilurðu.

Þeir vildu þó mæla með því að þeir sem ættu það á hættu að beita ofbeldi sæktu námskeiðið áður en komið væri í óefni. Að sögn viðmælenda eru flestir þeirra sem hefja meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* búnir að beita grófu ofbeldi og hefðu þurft að hefja meðferð fyrr.

Vegna þess ég þekki marga nálægt mér sem eru alveg bara svipaðir karakterar og ég, ég sé það alveg í kringum mig, sem hefðu gott af því að fara í þetta prógramm en fara kannski ekki út af því að þeir eru ekki búnir að hlaupa á vegg.

Samskipti, lífsgæði og félagsleg virkni

Tafla 18 sýnir að einungis fáir svarendur könnunarinnar sögðust vera óánægðir með samskipti við fjölskyldu og vini. Þó sögðust þrír svarendur vera mjög óánægðir með samskiptin við maka eða kærustu og fjórir svarendur voru frekar óánægðir með samskiptin við nána ættingja (t.d. foreldra og systkini).

Tafla 18. Þegar á heildina litið, ertu ánægður eða óánægður með samskipti þín við eftirtalda aðila?

	Mjög ánægður	Frekar ánægður	Hvorki ánægður		Mjög óánægður	Fjöldi	Mjög eða frekar ánægður
			né óánægður	Frekar ánægður			
Ánægja með samskipti við eftirtalda aðila							
Samskipti við börnin	82%	18%	0%	0%	0%	39	100%
Samskipti við vini og kunningja	55%	41%	4%	0%	0%	49	96%
Samskipti við maka/kærustu	59%	23%	10%	0%	8%	39	82%
Samskipti við nána ættingja	40%	40%	16%	4%	0%	50	80%

Dreifing svara við spurningum um ánægju með samskipti við fjölskyldu og vini var einsleit og er því einungis birt bakgrunnsgreining á svörum við spurningu um ánægju með samskipti við maka eða kærustu. Tafla 19 sýnir að allir þeir sem höfðu farið í sex til tíu viðtöl voru mjög eða frekar ánægðir með samskiptin við maka eða kærustu. Hið sama átti við um 10 af þeim 15 sem höfðu farið í eitt til fimm viðtöl (67%). Það var einnig nokkur munur á dreifingu svara við spurningunni eftir því hvenær þátttakendur höfðu farið síðast í viðtal. Flestir þeirra sem höfðu farið í viðtal árið 2012 eða 2013 voru mjög eða frekar ánægðir með samskipti sín við maka eða kærustu (88%). Til samanburðar voru 10 af þeim 14 (71%) sem höfðu sótt meðferð á árunum 2006 til 2011 mjög eða frekar ánægðir með samskiptin við maka eða kærustu. Þá voru þeir sem höfðu sótt hópmeðferð (91%) einnig líklegri til að vera ánægðir með samskiptin við maka eða kærustu en þeir sem höfðu verið í einstaklingsmeðferð (79%). Loks var ánægja með samskiptin við maka eða kærustu mest meðal þeirra sem höfðu hvað stysta menntun að baki og meðal yngstu þátttakendanna.

Tafla 19. *Ánægja/óánægja með samkipti við maka/kærustu - bakgrunnsgreining*

	Mjög eða frekar ánægður	Hvorki ánægður né óánægður	Frekar eða mjög óánægður	Fjöldi	Mjög eða frekar ánægður
Heild	82%	10%	8%	39	82%
Fjöldi viðtala					
1 til 5 viðtöl	67%	27%	7%	14	67%
6 til 10 viðtöl	100%	0%	0%	14	100%
11 viðtöl eða fleiri	80%	0%	20%	8	80%
Lengd meðferðar					
Innan við eitt ár	79%	17%	4%	23	79%
Eitt ár eða lengur	86%	0%	14%	12	86%
Síðasta viðtal					
Á árunum 2006 til 2011	71%	14%	14%	12	71%
Árið 2012 eða 2013	88%	8%	4%	24	88%
Meðferðarform					
Hópmeðferð	91%	9%	0%	11	91%
Einstaklingsmeðferð	79%	11%	11%	25	79%
Búseta					
Höfuðborg	80%	11%	9%	32	80%
Landsbyggð	100%	0%	0%	4	100%
Menntun					
Grunnskóli	100%	0%	0%	5	100%
lönnám eða bóklegt framhaldsskólapróf	88%	12%	0%	25	88%
Háskólapróf	56%	11%	33%	6	56%
Aldur					
35 ára eða yngri	100%	0%	0%	13	100%
36 til 40 ára	80%	10%	10%	9	80%
41 árs eða eldri	69%	19%	13%	14	69%
Börn sem dvelja hjá þér að staðaldri					
Já	81%	10%	10%	28	81%
Nei	88%	13%	0%	8	88%

Einnig var spurt um ánægju með líkamlega og andlega heilsu og ánægju með starfið. Af þessum þremur þáttum var andleg heilsa sá þáttur sem svarendur voru hvað síst ánægðir með, en af þeim 50 sem tóku þátt í könnuninni sögðust sex vera frekar eða mjög óánægðir með andlega heilsu sína (sjá töflu 20).

Tafla 20. Þegar á heildina litið, hversu ánægður eða óánægður ertu með eftirtalda þætti?

	Mjög ánægður	Frekar ánægður	Hvorki ánægður né óánægður	Frekar ánægður	Mjög óánægður	Fjöldi	Mjög eða frekar ánægður
Ánægja með eftirtalda þætti							
Likamlega heilsu	38%	44%	10%	8%	0%	48	81%
Starf þitt	67%	16%	13%	4%	0%	45	82%
Andlega heilsu	30%	46%	12%	10%	2%	50	76%

Þátttakendur voru einnig spurðir hversu oft þeir tækju þátt í íþróttum og tómstundum og hversu oft þeir umgengust vini og kunningja og nána ættingja. Tafla 21 sýnir að 72% þátttakenda sinntu íþróttum eða tómstundastarfi tvisvar í viku eða oftar, 48% umgengust vini eða kunningja tvisvar í viku eða oftar og 36% umgengust nána ættingja tvisvar í viku eða oftar.

Tafla 21. Hversu oft tekur þú þátt í íþróttum og/eða tómstundum, umgengst þú vini og kunningja og umgengst þú nána ættingja?

	Daglega	Tvisvar til sex sinnum í viku	U.þ.b. einu sinni í viku	Tvisvar til þrisvar í mánuði	Einu sinni í mánuði eða sjaldnar	Aldrei	Fjöldi	Tvisvar í viku eða oftar
Hversu oft gerir þú eftirfarandi								
Tekur þátt í íþróttum og/eða tómstundum	16%	56%	2%	4%	12%	10%	50	72%
Umgengst þú vini og kunningja	13%	35%	25%	8%	19%	0%	48	48%
Umgengst þú nána ættingja	14%	22%	28%	12%	22%	2%	50	36%

Búin var til ein mæling úr spurningum um félagslega þátttöku með því að leggja þær saman og deila með fjölda þeirra. Kvarðanum var síðan snúið, þannig að þeir sem tóku há gildi á kvarðanum (gildi nálægt sex) töldust til þeirra sem tóku nær daglega þátt í félagslegum athöfnum (tóku þátt í íþróttum og/eða tómstundum eða umgengust vini, kunningja eða nána ættingja) og þeir sem tóku lágt gildi á kvarðanum (gildi nálægt einum) tóku aldrei þátt í slíku. Tafla 22 sýnir að karlarnir voru að meðaltali með gildið 4,1 á kvarðanum yfir félagslega þátttöku sem þýðir að þeir hafi að jafnaði gefið upp svarmöguleikann „u.þ.b. einu sinni í viku“ við spurningunum þremur um félagslega þátttöku. Bakgrunnsgreining leiddi í ljós að karlar sem höfðu einungis farið í eitt til fimm viðtöl voru með færri stig að meðaltali á kvarðanum yfir félagslega þátttöku en þeir sem höfðu farið í fleiri viðtöl. Það táknar að félagsleg þátttaka þeirra var minni en þeirra sem höfðu

farið í fleiri en fimm viðtöl. Sömuleiðis var félagsleg þátttaka þeirra sem höfðu verið í meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* í eitt ár eða lengur meiri en þeirra sem höfðu sótt meðferð skemur en eitt ár. Þá var félagsleg þátttaka að jafnaði mest hjá körlum sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu, þeim sem voru með háskólapróf, þeim sem voru einhleypir og þeim sem áttu ekki börn sem dvöldu hjá þeim að staðaldri.

Tafla 22. Félagsleg þátttaka

	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal
Heild	4,1	1,1	50	
Fjöldi viðtala				
1 til 5 viðtöl	3,6	1,2	18	
6 til 10 viðtöl	4,5	0,9	20	
11 viðtöl eða fleiri	4,3	1,0	12	
Lengd meðferðar				
Innan við eitt ár	3,9	1,1	32	
Eitt ár eða lengur	4,4	0,9	17	
Síðasta viðtal				
Á árunum 2006 til 2011	4,2	1,0	21	
Árið 2012 eða 2013	4,0	1,1	29	
Meðferðarform				
Hópméðferð	4,4	1,0	14	
Einstaklingsmeðferð	4,0	1,1	36	
Búseta				
Höfuðborg	4,2	1,1	44	
Landsbyggð	3,8	1,3	6	
Menntun				
Grunnskóli	4,0	1,2	8	
Iðnnám eða bóklegt framhaldsskólapróf	4,0	1,2	30	
Háskólapróf	4,5	0,7	12	
Aldur				
35 ára eða yngri	4,3	1,0	16	
36 til 40 ára	4,0	1,0	16	
41 árs eða eldri	4,1	1,3	18	
Núverandi hjúskaparstaða				
Í hjónabandi eða sambandi	4,0	1,1	39	
Einhleypur eða fráskilinn	4,4	1,0	11	
Samband við konu				
Erum í hjónabandi/sambandi	3,9	1,1	31	
Höfum sliðið samvistum/skilið eða var aldrei í hjó	4,4	1,0	19	
Börn sem dvelja hjá þér að staðaldri				
Já	4,0	1,0	39	
Nei	4,6	1,1	11	

1,0 2,0 3,0 4,0 5,0

Breytingar sem verða á samskiptum, lífsgæðum og félagslegri virkni við það að nýta sér meðferðarúrræðið *Karlar til ábyrgðar*

Þátttakendur könnunarinnar voru spurðir hvort þeir væru sammála eða ósammála nokkrum spurningum um hvað hefði breyst í þeirra eigin fari við að sækja meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*. Tafla 23 sýnir að nær allir voru mjög eða frekar sammála því að þeir ættu auðveldara með að halda ró sinni við ögrandi aðstæður eftir að viðtalsmeðferðin hófst. Mikill meirihluti taldi sig sýna maka sinum betri skilning og vera betra foreldri en áður og átta af hverjum tíu voru mjög eða frekar sammála því að þeim semdi betur við annað fólk eftir að þeir hófu þátttöku í úrræðinu. Vegna þess hve dreifing svara við spurningunum var einsleit, voru þær ekki greindar eftir bakgrunni þátttakenda.

Tafla 23. Ertu sammála eða ósammála því að eftirfarandi hegðun hafi breyst eftir að þú hófst meðferð hjá KTÁ?

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Fjöldi	Mjög eða frekar sammála
Hefur eftirtalin hegðun breyst?							
Ég á auðveldara með að halda ró minni við ögrandi aðstæður	51%	43%	2%	4%	0%	47	94%
Ég sýni maka mínum betri skilning	55%	36%	9%	0%	0%	33	91%
Ég er betra foreldri	47%	42%	11%	0%	0%	36	89%
Mér semur betur við annað fólk	46%	35%	20%	0%	0%	46	80%

Einnig var spurt hvort samskipti við börnin, maka eða kærustu, nána ættingja og vini og kunningja hefðu batnað eftir að þátttakendur hófu meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*. Tafla 24 sýnir að mikill meirihluti (93%) taldi samskiptin við maka eða kærustu hafa batnað eftir að meðferð hófst. Aftur á móti taldi innan við helmingur þátttakenda að samskiptin við nána ættingja og vini og kunningja hefðu batnað eftir að þátttaka í úrræðinu hófst. Hér verður að hafa í huga að yfirleitt voru þátttakendur ánægðir með samskipti sín við nána ættingja og vini og kunningja og því hefur ekki endilega verið ástæða til að bæta þessa þætti. Af þeim 24 þátttakendum sem sögðu samskipti við nána ættingja ekkert hafa breyst við meðferðina voru 18 mjög eða frekar ánægðir með þessi samskipti og af þeim 28 sem sögðu samskipti við vini og kunningja ekki hafa breyst við meðferðina voru 26 mjög eða frekar ánægðir með samskiptin.

Tafla 24. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að samskipti þín við eftirtalda aðila séu betri, eins eða verri en þau voru áður en þú hófst meðferð hjá KTÁ?

	Mun betri	Heldur betri	Eins	Heldur verri	Mun verri	Fjöldi	Mun eða heldur betri
Eru samskipti við eftirtalda aðila betri, eins eða verri en áður?							
Maka/kærustu	54%	39%	7%	0%	0%	28	93%
Börnin	34%	26%	40%	0%	0%	35	60%
Nána ættingja	22%	26%	52%	0%	0%	46	48%
Vini og kunningja	22%	16%	62%	0%	0%	45	38%

Í viðtölunum var rætt um mikilvægi þess að vinna í sínum málum til að hafa samskipti innan fjölskyldunnar í lagi. Í sumum tilfellum virtist þó vera þörf á hjónaráðgjöf samhliða meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* til að koma á jafnvægi í samskiptum innan parsambandsins. Konan var jafnvel enn föst í gömlu mynstri samskipta á meðan karlinn var að vinna markvisst í sínum málum. Þarna myndaðist ójafnvægi sem gerði þarinn erfiðara fyrir að ræða málin á uppbyggilegan hátt. Í öðrum tilfellum var námskeiðið búið að bjarga hjónabandinu. Meðferðarviðtölin urðu til þess að karlarnir áttuðu sig á því hvaða áhrif ofbeldið hafði á makann og eins og eftirfarandi tilvitnun ber með sér var eftirsjá efst í huga einhverra:

Og þú veist, biðja hana afsökunar á hvað ég hef verið stjórnsamur og leiðinlegur, í okkar sambandi. Hún tók því bara mjög vel.

Það var upplifun karlanna að eftir að þeir hófu meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* hafi maki þeirra fengið aukið sjálfstraust og öðlast kjark til að ræða ákveðið við eiginmann sinn og koma skoðunum sínum á framfæri án þess að óttast viðbrögð hans.

Hún orðin það örugg að hún getur talað um þetta. Einhvern tíma hefði hún bara, þú veist farið bara í fylu í einhverja daga og ekki talað við mig. [Nú eigum við] auðveldara með að tala saman.

Konan mín segir einmitt [að það sé] voða gaman að þurfa ekki að hafa áhyggjur af að ég verði alveg snarbrjáláður heldur segi ég bara: „Núna er ég að verða pirraður“. Stundum þarf hún reyndar að pikka í mig og segir: „Núna ertu farinn að verða soldið stuttur í spuna.“ Þá [...] fæ ég bara að setja á mig headphone.

Karlarnir sögðu einnig frá því að þeir myndu fyrir aukinni nánd og töluðu um að gagnkvæm virðing hafi myndast í sambandinu eftir að meðferð hófst. Einn orðaði þetta þannig að honum og konu hans liði nú eins og þau væru „í sama liði“ þar sem það væri ekki lengur til staðar sú togstreita sem einkenndi sambandið áður.

Þessi viðtöl, ég held þau hafi haft mjög góð áhrif. [Við] náðum að vera samstíga og bera virðingu fyrir hvort öðru.

Fram kom að meðferðarvinnan hafi skilað þeim árangri að rætt væri um vandamál sem upp komu í parasambandinu. Af orðum karlanna að dæma voru það oftast en ekki þeir sem áttu frumkvæðið að slíkri umræðu.

Þannig iðulega í dag á ég frumkvæðið á því, þú veist, þetta þarf að ræða og þetta þarf að gera og eitthvað þú veist þarf að veiða hana upp til þess.

Auk þess að hafa jákvæð áhrif á parasambandið töldu karlarnir að fjölskyldulífið allt hefði breyst til batnaðar. Fram kom hjá nokkrum að vafalítið hefði fjölskyldan sundrast ef þeir hefðu ekki hafið meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*.

Ég fæ að búa með börnunum. Henni líður betur, mér líður betur og börnin mín eiga örugglega eftir að fá betra uppeldi af því við erum saman.

Þá kom fram í máli nokkurra að þeir væru mun betri feður nú en áður þar sem meðferðarræðið hafi hjálpað þeim að láta af stjórn.

Jú ég held að ég hafi bara látið af, þú veist, þessari kannski ógnarstjórn sem að ég tók með mér úr mínu uppeldi og er miklu betri faðir.

Samskipti við aðila utan fjölskyldunnar urðu einnig betri og þar með fundu viðmælendur fyrir auknum lífsgæðum.

Þannig að ég upplifi þessa breytingu sem að ég hef kannski gert á sjálfum mér, með þessu prógrammi, ekki bara í samskiptum við maka heldur líka börn og fjölskyldu og vini og líka bara ókunnuga.

Tafla 25 sýnir að mikill meirihluti svarenda í könnuninni meðal karla (87%) taldi andlega heilsu sína vera betri en hún var áður en þeir hófu meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* og nærri helmingur taldi starf sitt hafa batnað eftir að meðferð hófst. Aftur á móti var meirihluti þátttakenda á því að líkamleg heilsa væri eins og áður. Hér verður aftur að hafa í huga að meirihluti þátttakenda virðist hafa verið við góða líkamlega heilsu áður en þeir hófu að sækja viðtöl hjá *Körlum til ábyrgðar*. Af þeim 28 sem kváðu líkamlega heilsu vera eins og áður en þeir hófu meðferð voru 23 við mjög eða frekar góða líkamlega heilsu.

Tafla 25. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að eftirtaldir þættir séu betri, eins eða verri en þeir voru áður en þú hófst meðferð hjá KTÁ?

	Mun betri	Heldur betri	Eins	Heldur verri	Mun verri	Fjöldi	Mun eða heldur betri
Eru eftirtaldir þættir betri, eins eða verri en áður?							
Andleg heilsa þín	47%	40%	13%	0%	0%	45	87%
Starf þitt	16%	32%	53%	0%	0%	38	47%
Líkamleg heilsa þín	14%	16%	65%	2%	2%	43	30%

Loks var spurt hvort þátttaka í íþróttum og tómstundum og samvera með vinum, kunningjum og nánum ættingjum hefði aukist eftir að meðferð hófst. Í ljós kom að þriðjungur varði meiri tíma í íþrótt- og tómstundastarf, 28% varði meiri tíma í samveru með vinum og kunningjum og 21% varði meiri tíma í samveru með nánum ættingjum (sjá töflu 26).

Tafla 26. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að þú verjir meiri, jafnmiklum eða minni tíma í eftirfarandi en þú gerðir áður en þú hófst meðferð hjá KTÁ?

	Mun meiri	Heldur meiri	Jafnmiklum	Heldur minni	Mun minni	Fjöldi	Mun eða heldur meiri
Verð þú meiri, jafnmiklum eða minni tíma í eftirfarandi?							
Íþrótt- og tómstundastarf	17%	17%	64%	2%	0%	42	33%
Samveru með vinum og kunningjum	5%	23%	65%	5%	2%	43	28%
Samveru með nánum ættingjum	7%	14%	77%	2%	0%	43	21%

Ofbeldisbeiting

Í viðtölunum ræddu karlarnir um hvað varð þess valdandi að þeir beittu ofbeldi. Algengt var að parið væri búið að þróa með sér ákveðið samskiptamynstur sem einkenndist af miklum og tíðum ágreiningi. Þá nefndu karlarnir einnig þætti eins og afbrýðisemi og ögrandi hegðun af hendi maka sem ástæður þess að þeir gripu til ofbeldis.

Þá varð hún ágengari til þess að ná sínu fram sko sem orsakaði það að ég varð sjálfur ágengari í mínu ofbeldi sko.

Karlarnir ræddu einnig um ólíka valdastöðu í sambandinu. Eitt dæmi var um að viðmælandi sótti í að vera með sér yngri konu til að geta verið í valdastöðu innan parsambandsins. Þeir viðmælendur sem töldu sig vera í ráðandi stöðu þoldu illa að láta segja sér fyrir verkum.

Hún var að segja mér til og þá bara alveg rauk ég upp sko [...] mér leið kannski ekki eins og ég væri nákvæmlega við stjórnina.

Það var misjafnt hvað varð kveikjan að því að karlarnir beittu ofbeldi, en þörfin fyrir að hefna sín eða það að fara í vörn var algeng ástæða. Karlarnir lýstu tilfinningunni gjarnan á þann veg að þeir misstu stjórn á skapi sínu og reiðin tók við. Í kjölfarið vikur öll skynsemi og rökhugsun.

Það byrjaði eitthvað, eitthvað sem manni finnst í hæsta máta óréttlátt og svo maður segir eitthvað á móti og [...] maður var farinn að segja einhver fúkyrði sem maður, sko, hafði kannski hugsað einhvern tíma en aldrei ætlað sér að [segja] en maður lét það fjúka samt sko, eitthvað til að hefna sín og svoleiðis.

Aflsmunurinn gerði það síðan að verkum að karlarnir voru í aðstöðu til að beita líkamlegu ofbeldi þegar þeir misstu stjórn á skapi sínu.

Ég spring, sem sagt fer úr algjörum núllhraða upp í tvö hundruð og hreyti úr mér hlutum og fer í fýlu og öskra. Og svo þú veist einmitt stend upp, af því ég er stærri, þú veist [...] beiti líkamsburðum, sýni ógnandi hegðun.

Aukið álag ýtti gjarnan undir ofbeldisbeitingu. Ofbeldið var því leið til að losa um streitu sem gat verið af völdum vinnu, svefnleysis eða áreiti barna á heimilinu.

Við vissst mikið álag eða áreiti á mér að þá byrjaði það að koma fram hjá mér. Í staðinn fyrir að ég brotnaði niður að þá barði ég frá mér.

Viðmælendur nefndu einnig hræðslu og reiði sem ástæðu ofbeldishegðunar. Að sögn þeirra var hræðslutilfinning gjarnan undanfari ofbeldisbeitingar en í stað þess að leyfa hræðslunni að koma fram þá braust sú tilfinning út í reiði og þar með ofbeldi. Þessari tilfinningu var gjarnan lýst á þann hátt að viðkomandi missti stjórn eða tökin. Hið sama gerðist ef þeim var ógnað eða ögrað á einhvern hátt.

Ef ég verð mikið hræddur að þá verð ég reiður.

Sumir viðmælendur fundu fyrir aukinni árásargirni undir áhrifum áfengis eða vímuefna. Hér er bæði átt við ofbeldi sem þeir beittu og átti sér stað í fortíðinni og ofbeldishegðun sem kom fram í seinni tíð. Undir áhrifum beittu þeir ofbeldi á öðrum vettvangi en bara heima fyrir og einn hafði setið inni fyrir ofbeldisbrot sem hann hafði framið í neyslu. Áfengisneyslan var bæði orsök og afleiðing átaka. Þegar reiðin tók yfir var áfengið gjarnan notað til að flýja veruleikann. Drykkjan varð síðan aftur valdur að enn frekari árekstrum og átökum.

Þú veist ég var reiður bara út í sjálfan mig ég var reiður út í hana ég var reiður út í allt. Ég fór bara út og drakk og drakk og drakk viskú og fékk mér kókaín og svo bara man ég ekki meir. Svo vaknaði ég í fangaklefa.

Í mínu tilfelli þá var það samspil áfengis og einhverja tilfinninga sem að magnast upp úr öllu valdi eins og afbrýðisemi eða einhver ótti. Þannig [að í] þau tilfelli þar sem ég hef beitt aðra manneskju ofbeldi þar hefur eins og ég segi yfirleitt áfengið verið haft um hönd.

Ofbeldisbeiting var einnig til umræðu í símakönnuninni, en í könnuninni var annars vegar spurt um ofbeldisbeitingu síðustu þrjá mánuði áður en þátttakendur hófu meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* og hins vegar um ofbeldisbeitingu undangengna þrjá mánuði. Tafla 27 sýnir dreifingu svara við spurningum um ofbeldisbeitingu síðustu þrjá mánuði áður en meðferð hófst. Taflan sýnir að nærri helmingur hafði hrint, þrifið í eða snúið upp á handlegginn á maka eða kærustu og nærri tveir af hverjum þremur hafði niðurlægt hana eða móðgað þannig að hún varð leið.

Tafla 27. Hversu oft beittir þú maka þín þessum tegundum ofbeldis síðustu 3 mánuði áður en þú hófst meðferð hjá KTÁ?

	Daglega eða næstum daglega	U.þ.b. einu sinni í viku	U.þ.b. tvísvar til þrisvar í mánuði	Tvísvar til þrisvar á þessu þriggja mánaða tímabili		Einu sinni	Aldrei	Fjöldi	Barth	Prosent
				Einu sinni	Aldrei					
Líkamlegt ofbeldi										
Hentir þú einhverju á eftir maku þínum eða barðir hana með einhverju?	0%	0%	2%	4%	10%	84%	50	■	16%	
Hrintir þú, þreifst í eða snérir upp á handlegginn á henni?	2%	0%	4%	16%	24%	53%	49	■	47%	
Slóst þú hana með flötum lófa, sparkaðir í hana, beist hana eða barðir með kreptum hnefa?	0%	0%	2%	2%	10%	86%	50	■	14%	
Tókst þú hana kyrkingartaki eða reyndir að kæfa hana eða brenna?	0%	0%	0%	2%	4%	94%	50	■	6%	
Beittir þú eða hótaðir þú henni með hnífi eða byssu	0%	0%	0%	0%	0%	100%	50		0%	
Beittir þú hana líkamlegu ofbeldi á annan hátt sem ekki er búið að nefna?	0%	0%	2%	2%	4%	92%	50	■	8%	
Hótaðir þú að vinna maku þínum líkamlegt mein, þannig að hún varð hrædd?	0%	0%	4%	0%	16%	80%	50	■	20%	
Kynferðislegt ofbeldi										
Reyndir þú að þvinga hana til samfara með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi?	0%	0%	0%	0%	2%	98%	50	■	2%	
Þvingaðir þú hana til samfara?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	50		0%	
Þvingaðir þú eða reyndir að þvinga hana til kynlífs með öðrum, þ.m.t. til kynlífs gegn greiðslu?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	50		0%	
Beittir þú hana kynferðislegu ofbeldi á annan hátt en búið er að nefna?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	50		0%	
Andlegt ofbeldi										
Reiddist þú þegar hún talaði við aðra karlmenn?	0%	4%	6%	4%	8%	78%	50	■	22%	
Reyndir þú að hindra samskipti hennar við fjölskyldu og vini?	0%	0%	0%	4%	0%	96%	50	■	4%	
Niðurlægðir þú hana eða móðgaðir þannig að hún varð leið?	4%	4%	22%	29%	6%	35%	49	■	65%	
Skemmdir eða eyðilagðir persónulegar eigur hennar?	0%	0%	4%	2%	8%	86%	50	■	14%	
Vannstu einhverjum sem henni þótti vænt um mein, eða hótaðir þv í?	0%	0%	0%	2%	2%	96%	50	■	4%	
Hótaðir þú að vinna henni mein ef hún yfirgæfi þig?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	50		0%	

Tafla 28 sýnir dreifingu svara við spurningum um ofbeldisbeitingu á undangengnum þremur mánuðum. Taflan sýnir að einungis einn svarandi hafði hrint, þreifð í eða snúið upp á handlegg á

núverandi eða fyrrverandi maka eftir að þátttaka í meðferðarúrræðinu hófst en níu svarendur höfðu niðurlægt hana eða móðgað þannig að hún varð leið.

Tafla 28. Hefur þú hegðað þér á eftirfarandi hátt gagnvart maka þínum eða fyrrverandi maka á undangengnum þremur mánuðum?

	Daglega eða næstum daglega	U.þ.b. einu sinni í viku	Uu.þ.b. til þrisvar í mánuði	Tvisvar til þrisvar á þriggja mánaða tímabili	Einu sinni	Aldrei	Fjöldi	Einu sinni eða oftar
Líkamlegt ofbeldi								
Hentir þú einhverju á eftir maka þínum eða barðir hana með einhverju?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	50	0%
Hrintir þú, þreifst í eða snérir upp á handlegginn á henni?	0%	0%	0%	0%	2%	98%	50	2%
Slóst þú hana með flötum lófa, sparkaðir í hana, beist hana eða barðir með krepptum hnefa?	0%	0%	0%	0%	2%	98%	50	2%
Tókst þú hana kyrkingartaki eða reyndir að kæfa hana eða brenna?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	50	0%
Beittir þú eða hótaðir þú henni með hnifi eða byssu	0%	0%	0%	0%	0%	100%	50	0%
Beittir þú hana líkamlegu ofbeldi á annan hátt sem ekki er búið að nefna?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	50	0%
Hótaðir þú að vinna maka þínum líkamlegt mein, þannig að hún varð hrædd?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	50	0%
Kynferðislegt ofbeldi								
Reyndir þú að þvinga hana til samfara með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	50	0%
Þvingaðir þú hana til samfara?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	50	0%
Þvingaðir þú eða reyndir að þvinga hana til kynlífs með öðrum, þ.m.t. til kynlífs gegn greiðslu?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	50	0%
Beittir þú hana kynferðislegu ofbeldi á annan hátt en búið er að nefna?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	50	0%
Andlegt ofbeldi								
Reiddist þú þegar hún talaði við aðra karlmenn?	0%	0%	0%	4%	2%	94%	50	6%
Reyndir þú að hindra samskipti hennar við fjölskyldu og vini?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	50	0%
Niðurlægðir þú hana eða móðgaðir þannig að hún varð leið?	0%	0%	0%	10%	8%	41%	50	18%
Skemmdir eða eyðilagðir persónulegar eigur hennar?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	50	0%
Vannstu einhverjum sem henni þótti vænt um mein, eða hótaðir þv í?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	50	0%
Hótaðir þú að vinna henni mein ef hún yfirgæfi þig?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	50	0%

0% 25% 50% 75% 100%

Í töflu 29 er búið að flokka spurningarnar sem sýndar eru í töflum 27 og 28 í þrjár tegundir ofbeldis, þ.e. líkamlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi og andlegt ofbeldi. Taflan sýnir að síðustu þrjá mánuði áður en meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* hófst höfðu 54% svarenda beitt líkamlegu ofbeldi einu sinni eða oftari, 2% höfðu beitt kynferðislegu ofbeldi og 74% höfðu beitt andlegu ofbeldi. Aftur á móti höfðu einungis 4% svarenda einhvern tíma beitt líkamlegu ofbeldi á undangengnum þremur mánuðum og 22% höfðu beitt andlegu ofbeldi.

Tafla 29. Hlutfall svarenda sem einhvern tíma beitti líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi síðustu þrjá mánuði áður en meðferð hófst og á undangengnum þremur mánuðum

	Fjöldi		Hlutfall	
	fyrir meðferð	eftir meðferð	fyrir meðferð	eftir meðferð
Líkamlegt ofbeldi	27	2	54%	4%
Kynferðislegt ofbeldi	1	0	2%	0%
Andlegt ofbeldi	37	11	74%	22%
Fjöldi svara	50	50	100%	100%

Tafla 30 sýnir hlutfallið sem beitti líkamlegu ofbeldi á undangengnum þremur mánuðum skipt niður eftir bakgrunni svarenda. Þar sést að báðir karlarnir sem höfðu beitt líkamlegu ofbeldi á undangengnum þremur mánuðum höfðu einungis farið í eitt til fimm viðtöl á vegum *Karla til ábyrgðar*. Þá hafði meðferð þessara karla varað skemur en þeirra sem ekki höfðu beitt líkamlegu ofbeldi á undangengnum þremur mánuðum og báðir höfðu þeir verið í einstaklingsmeðferð.

Tafla 30. Bakgrunnsgreining karla sem einhvern tíma höfðu beitt líkamlegu ofbeldi á undangengnum þremur mánuðum

	Beitti líkamlegu ofbeldi á undangengnum 3 mánuðum	Beitti ekki líkamlegu ofbeldi á undangengnum 3 mánuðum	Fjöldi	Beitti líkamlegu ofbeldi á undangengnum 3 mánuðum
Heild	4%	96%	50	■ 4%
Fjöldi viðtala				
1 til 5 viðtöl	11%	89%	18	■ 11%
6 til 10 viðtöl	0%	100%	20	0%
11 viðtöl eða fleiri	0%	100%	12	0%
Lengd meðferðar				
Innan við eitt ár	6%	94%	32	■ 6%
Eitt ár eða lengur	0%	100%	17	0%
Síðasta viðtal				
Á árunum 2006 til 2011	5%	95%	21	■ 5%
Árið 2012 eða 2013	3%	97%	29	■ 3%
Meðferðarform				
Hópmeðferð	0%	100%	14	0%
Einstaklingsmeðferð	6%	94%	36	■ 6%
Búseta				
Höfuðborg	5%	95%	44	■ 5%
Landsbyggð	0%	100%	6	0%
Menntun				
Grunnskóli	0%	100%	8	0%
lönnám eða bóklegt framhaldsskólapróf	7%	93%	30	■ 7%
Háskólapróf	0%	100%	12	0%
Aldur				
35 ára eða yngri	0%	100%	16	0%
36 til 40 ára	6%	94%	16	■ 6%
41 árs eða eldri	6%	94%	18	■ 6%
Börn sem dvelja hjá þér að staðaldri				
Já	3%	97%	39	■ 3%
Nei	9%	91%	11	■ 9%

0% 25% 50% 75% 100%

Enginn karlanna hafði beitt kynferðislegu ofbeldi á undangengnum þremur mánuðum en tafla 31 sýnir hlutfallið sem beitti andlegu ofbeldi á undangengnum þremur mánuðum skipt niður eftir bakgrunni svarenda. Þar sést að þeir 11 karlar sem höfðu beitt andlegu ofbeldi á undangengnum þremur mánuðum voru líklegri til að hafa sótt meðferð á árunum 2012 til 2013 en á árunum 2006 til 2011. Fjórðungur þeirra sem höfðu sótt einstaklingsmeðferð höfðu beitt andlegu ofbeldi á undangengnum þremur mánuðum en hið sama átti við um 14% þeirra sem höfðu sótt hópmeðferð. Þá voru karlar sem voru 35 ára eða yngri ólíklegri til að hafa beitt andlegu ofbeldi en þeir sem voru eldri en 35 ára og karlar sem áttu börn sem dvöldu hjá þeim að staðaldri voru

einnig ólíklegri til að hafa beitt andlegu ofbeldi en þeir sem áttu ekki börn sem dvöldu hjá þeim að staðaldri (sjá töflu 31).

Tafla 31. Bakgrunnsgreining karla sem einhvern tíma höfðu beitt andlegu ofbeldi á undangengnum þremur mánuðum

	Beitti andlegu ofbeldi á undangengnum 3 mánuðum	Beitti ekki andlegu ofbeldi á undangengnum 3 mánuðum	Fjöldi	Beitti andlegu ofbeldi á undangengnum 3 mánuðum
Heild	22%	78%	50	22%
Fjöldi viðtala				
1 til 5 viðtöl	22%	78%	18	22%
6 til 10 viðtöl	20%	80%	20	20%
11 viðtöl eða fleiri	25%	75%	12	25%
Lengd meðferðar				
Innan við eitt ár	22%	78%	32	22%
Eitt ár eða lengur	18%	82%	17	18%
Síðasta viðtal				
Á árunum 2006 til 2011	10%	90%	21	10%
Árið 2012 eða 2013	31%	69%	29	31%
Meðferðarform				
Hópmeðferð	14%	86%	14	14%
Einstaklingsmeðferð	25%	75%	36	25%
Búseta				
Höfuðborg	23%	77%	44	23%
Landsbyggð	17%	83%	6	17%
Menntun				
Grunnskóli	13%	88%	8	13%
lönnám eða bóklegt framhaldsskólapróf	23%	77%	30	23%
Háskólapróf	25%	75%	12	25%
Aldur				
35 ára eða yngri	13%	88%	16	13%
36 til 40 ára	25%	75%	16	25%
41 árs eða eldri	28%	72%	18	28%
Börn sem dvelja hjá þér að staðaldri				
Já	18%	82%	39	18%
Nei	36%	64%	11	36%

0% 25% 50% 75% 100%

Ofangreindar niðurstöður úr símakönnuninni meðal karla benda til þess að verulega hafi dregið úr ofbeldisbeitingu eftir að karlarnir hófu meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*. Sama sjónarmið kom fram í viðtölunum en í öllum tilfellum töldu viðmælendur að meðferðin hefði dregið úr líkum á að þeir beittu ofbeldi. Viðmælendur höfðu unnið í sínum málum og fundu hver sína leið til þess að stjórna reiði sinni. Þeir náðu að verða meðvitaðir um reiðiköstin og ná stjórn á skapi sínu áður en þeir misstu tökin.

En einu sinni þá bara gerðist það, skilurðu. Þú veist ég hafði engan umhugsunartíma ég varð bara, varð bara reiður. Nú í dag, svona sem betur fer, í 90% tilfella næ ég alveg að stýra þessu, skilurðu, finn alveg að ég verð reiður, skilurðu?

Í þessu samhengi var rætt var um mikilvægi þess að hugsa áður en menn framkvæma. Í meðferðarviðtölunum urðu viðmælendur meðvitaðir um að allar gjörðir eru val og því er það val að lenda til dæmis í slagsmálum.

Og eins með það hérna að láta þetta ekki verða ósjálfráð viðbrögð. Heldur þú veist, ef ég ætla mér að gera eitthvað að þá ætla ég meðvitað að hugsa um að ég er að fara að gera það sko.

Þá bar þeim saman um að þeir bæru sjálfir ábyrgð á sinni eigin hegðun og að það væri á þeirra ábyrgð hvernig þeir tækju á erfiðum aðstæðum.

Þú veist frekar heldur en að [...] láta það sem er að gerast í kringum mig æsa mig upp eða hafa áhrif á mig. Að þá endar þetta á að þetta er alltaf mín ákvörðun og mitt val hvað það er sem ég geri í hverri aðstöðu sko.

Ef einhver kýlir mig að þá á ekki að vera ósjálfráð viðbrögð að ég lemji hann til baka bara af því að hann gerði eitthvað.

Þannig sögðu þeir frá því hvernig þeir höfðu orðið meðvitaðir um það að ábyrgðin lægi hjá þeim sjálfum. Þeir gætu ekki borið ábyrgð á hegðun annarra og ættu því ekki að taka því persónulega ef einhver gerir eitthvað á þeirra hlut. Þeir gætu aftur á móti stjórnað eigin hegðun. Einn orðaði þetta þannig að „eina leiðin til þess að vinna rifrildi [væri] að lenda ekki í því.“ Enn fundu þeir þó oft fyrir gremju en fannst þeir geta komið auga á hvað það er sem reitti þá til reiði og þannig höfðu þeir betri stjórn á aðstæðum en áður.

Ég þarf alltaf að vera að horfa á, hvenær fara viðvörunarmerkin í gang.

Hugsanlega á ég erfiðara með skapið mitt heldur en margir. Ég veit ekki af hverju það er en [...] ég er meðvitaður um það núna.

Þó svo karlarnir hafi orðið meðvitaðri um eigin líðan og tilfinningar, þá fannst þeim mikilvægt að hafa í huga að gleyma ekki að vinna í þessum málum. Þeir gerðu sér einnig grein fyrir því að þrátt fyrir að vera búnir að ná betri tókum á hegðun sinni, væri veikleikinn til staðar og því væri mikilvægt að fylgjast með hegðun sinni og viðbrögðum. Í raun væri þetta endalaus vinna og sjálfskoðun því veikleikinn er ætíð til staðar.

Ég vildi óska að ég gæti sagt þú veist, að þetta sé fullkomlega lagað þú veist, þetta sé bara farið, en þetta er svona vandamál sem verður alltaf. Ég held ég þurfi alltaf að vera meðvitaður um þetta og alltaf að vera að vinna í þessu.

Í lok könnunarinnar voru karlarnir spurðir hvort þeir vildu koma einhverju á framfæri sem tengdist meðferðinni hjá *Körlum til ábyrgðar*. Þannig gafst körlunum tækifæri á að lýsa yfir ánægju sinni eða óánægju með úrræðið eða nefna aðra þætti sem þeim fannst skipta máli. Í töflu 32 er búið að flokka svör þátttakenda. Mikill meirihluti lýsti yfir almennri ánægju með úrræðið. Einnig var töluvert um að karlarnir lýstu því hvernig úrræðið hefði hjálpað þeim að vinna í sínum málum. Einn orðaði það þannig: „[Sálfræðingurinn] talaði við mig á mannamáli og náði að opna augu mín og sýna mér hvað ég væri að gera rangt“ og annar sagði: „þetta hjálpaði mér gríðarlega að takast á við mín vandamál sem voru reiði og mikil afbrýðisemi.“ Í ljósi mikillar ánægju með úrræðið höfðu nokkrir á orði að það væri mikilvægt að tryggja tilvist þess og auglýsa úrræðið. Þá minnstust sex karlar á sálfræðingana sem þóttu sinna starfi sínu mjög vel. Lítið var um ábendingar um hvað mætti betur fara en þó höfðu þrír á orði að það þyrfti að bjóða upp á fleiri viðtöl fyrir þör.

Tafla 32. Vilt þú koma einhverju á framfæri varðandi meðferðarúrræðið KTÁ?

	Fjöldi svara
Almennt ánægður með úrræðið	36
Lærði að vinna í mínum málum	12
Mikilvægt að tryggja tilvist úrræðisins	6
Ánægður með sálfræðingana	6
Úrræðið þyrfti að vera sýnilegra	3
Mikilvægt að bjóða upp á fleiri viðtöl fyrir þör	3
Sálfræðingarnir þurfa að svara betur síma/tölvupósti	2
Þyrfti samskonar úrræði fyrir konur	1
Átti ekki samleið með öðrum í hópmeðferð	1
Þyrfti að huga betur að þolendum	1
Hefði viljað fá fleiri viðtöl	1
Vantar meiri eftirfylgni	1
Viðráðanlegt verð	1
Hefði viljað hópmeðferð í stað einstaklingsmeðferðar	1
Óánægður með samskipti við sálfræðing	1

NIÐURSTÖÐUR ÚTTEKTAR MEÐAL MAKAKÆRASTA

Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöður símakönnunar meðal maka og gert grein fyrir helstu þemum sem fram komu við greiningu á viðtölum við sex eiginkonur/kærustur karla sem höfðu nýtt sér meðferðarúrræðið *Karlar til ábyrgðar*.

Bagrunnur kvenna

Í símakönnuninni voru eiginkonurnar/kærusturnar líkt og karlarnir spurðar nokkurra spurninga um þeirra persónulegu hagi. Tafla 33 sýnir að meirihluti kvennanna var búsettur á höfuðborgarsvæðinu (73%).

Tafla 33. Búseta

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði	22	73%	73%
Landsbyggð	8	27%	27%
Alls	30	100%	

Tafla 34 sýnir að algengast var að konurnar höfðu lokið háskólaprófi (40%).

Tafla 34. Menntun

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Grunnskóli	8	27%	27%
Lönnám eða bóklegt framhaldsskólapróf	10	33%	33%
Háskólapróf	12	40%	40%
Fjöldi svara	30	100%	

Yngsta konan sem tók þátt í könnuninni var 28 ára og sú elsta 71 árs. Meðalaldur kvennanna var 43 ár. Í töflu 35 er búið að flokka aldur í þrjá flokka. Þar sést að 12 af þeim 27 konum sem svörðu voru 35 ára eða yngri, sex voru 36 til 45 ára og níu voru 46 ára eða eldri.

Tafla 35. Aldur

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
35 ára eða yngri	12	44%	44%
36 til 45 ára	6	22%	22%
46 ára eða eldri	9	33%	33%
Fjöldi svara	27	100%	
Svarar ekki	3		
Alls	30		

Tafla 36 sýnir að meirihluti kvennanna (80%) átti börn sem annað hvort bjuggu hjá þeim eða komu reglulega til dvalar á heimili þeirra.

Tafla 36. Átt þú börn sem dvelja hjá þér að staðaldri, sem annað hvort búa hjá þér eða koma reglulega til dvalar, t.d. eina til tvær helgar í mánuði?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	24	80%	80%
Nei	6	20%	20%
Alls	30	100%	

Samskipti, lífsgæði og félagsleg virkni

Tafla 37 sýnir að einungis fáar konur voru óánægðar með samskiptin við fjölskyldu og vini. Þó sögðust þrjár konur vera frekar eða mjög óánægðar með samskiptin við maka. Fimm konur eru ekki lengur í samskiptum við makann (17%) og á því spurningin um ánægju eða óánægju með makann ekki lengur við.

Tafla 37. Þegar á heildina litið, ertu ánægð eða óánægð með samskipti þín við eftirtalda aðila?

	Mjög ánægð	Frekar ánægð	Hvorki		Mjög óánægð	Fjöldi	Mjög eða frekar ánægð
			ánægð né óánægð	Frekar óánægð			
Ánægja með samskipti við eftirtalda aðila							
Samskipti við börnin	75%	25%	0%	0%	0%	24	100%
Samskipti við vini og kunningja	50%	47%	0%	3%	0%	30	97%
Samskipti við nána ættingja	54%	29%	14%	4%	0%	28	82%
Samskipti við maka	40%	28%	20%	4%	8%	25	68%

Tafla 38 sýnir að flestar konurnar voru ánægðar með starf sitt en um það bil sex af hverjum tíu voru mjög eða frekar ánægðar með andlega og líkamlega heilsu sína.

Tafla 38. Þegar á heildina er litið, ertu ánægð eða óánægð með eftirtalda þætti?

	Mjög ánægð	Frekar ánægð	Hvorki		Mjög óánægð	Fjöldi	Mjög eða frekar ánægð
			ánægð né óánægð	Frekar óánægð			
Ánægja með eftirtalda þætti							
Starf þitt	41%	44%	15%	0%	0%	27	85%
Andlega heilsu	27%	37%	10%	23%	3%	30	63%
Líkamlega heilsu	27%	33%	10%	23%	7%	30	60%

Konurnar voru einnig spurðir hversu oft þær tækju þátt í íþróttum og tómstundum og hversu oft þær umgengust vini og kunningja og nána ættingja. Tafla 39 sýnir að nærri helmingur kvennanna sinni íþrótt- eða tómstundastarfi tvisvar í viku eða oftar, 43% umgengust vini eða kunningja tvisvar í viku eða oftar og nærri þriðjungur umgekkst nána ættingja tvisvar í viku eða oftar.

Tafla 39. Hversu oft tekur þú þátt í íþróttum og/eða tómstundum, umgengst þú vini og kunningja og umgengst þú nána ættingja?

	Tvisvar til sex sinnum í daglega viku	U.þ.b. einu sinni í viku	Tvisvar til þrisvar í mánuði	Einu sinni í mánuði eða sjaldnar	Aldrei	Fjöldi	Tvisvar í viku eða oftar	
Hversu oft gerir þú eftirfarandi?								
Tekur þátt í íþróttum og/eða tómstundum	13%	33%	17%	3%	13%	20%	30	47%
Umgengst þú vini og kunningja	7%	37%	27%	13%	17%	0%	30	43%
Umgengst þú nána ættingja	20%	10%	30%	20%	13%	7%	30	30%

Breytingar sem verða á samskiptum, lífsgæðum og félagslegri virkni kvenna við það að maki/kærasti nýtir sér meðferðar-úrræðið *Karlar til ábyrgðar*

Í símakönnuninni voru konurnar spurðar hvort þær væru sammála eða ósammála nokkrum fullyrðingum um breytingar á hegðun maka eftir að hann hóf viðtalsmeðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*. Meirihluti kvennanna (75%) var mjög eða frekar sammála því að makinn ætti auðveldara með að halda ró sinni við ögrandi aðstæður og ríflega sex af hverjum tíu voru mjög eða frekar sammála fullyrðingum um að hann væri betra foreldri nú en áður, að honum semdi betur við annað fólk og að hann sýndi þeim betri skilning (sjá töflu 40).

Tafla 40. Ertu sammála eða ósammála því að eftirfarandi hegðun hafi breyst hjá maka þínum eða kærasta eftir að hann hóf meðferð hjá KTÁ?

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Fjöldi	Mjög eða frekar sammála
Hefur eftirtalin hegðun breyst?							
Hann á auðveldara með halda ró sinni við ögrandi aðstæður	39%	36%	4%	14%	7%	28	75%
Hann er betra foreldri	36%	28%	16%	16%	4%	25	64%
Honum semur betur við annað fólk	31%	31%	19%	12%	8%	26	62%
Hann sýnir mér betri skilning	34%	28%	17%	10%	10%	29	62%

Tvær kvennanna, sem tóku þátt í eigindlegu viðtölunum, höfðu slitið samvistum við makann eða kærastann sem hafði beitt þær ofbeldi. Af þeim sökum áttu þær erfitt með að ræða þær breytingar sem urðu á hegðun hans og á parsambandinu við það að hann hóf meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*. Þær sem enn voru í sambandi við karlana voru almennt jákvæðar í garð úrræðisins og töldu samband þeirra við makann hafa batnað. Haft var á orði að við það að karlinn hóf meðferð fengu konurnar þá tilfinningu að verið væri að vinna í vandamálinu. Þó svo ekki hafi endilega orðið algjör viðsnúningur á hegðun karlsins við það að hann hæfi meðferð þá leið konunum betur að vita að þeir höfðu fullan hug á því að bæta sambandið og tækju málið alvarlega.

Það er svona sýnilegt sko að hann vill reyna [...] þó að það gangi ekki alltaf, en [...] hann sýnir það að hann er að reyna.

Ein konan hafði á orði að þessi viðleitni karlsins til að sýna af sér betri hegðun hafði einnig orðið til þess að hún breytti hegðun sinni og varð afslappaðri í samskiptum sínum við hann.

Það hefur helst haft þau áhrif að ég get slakað meira á og ég get líka eiginlega verið betri við hann þegar að ég finn það að hann er að reyna.

Meðferðin varð einnig kveikjan að umræðu um samskipti því karlarnir ræddu það sem fram fór í meðferðinni við konur sínar og það vakti ákveðna von um að hægt væri að bæta sambandið.

Þegar hann kom sko þá hérna var hann, þá var hann voða opinn og var að segja mér frá þessu sem hafði verið talað um og allt það sko.

Haft var á orði að viðtalið sem konunum var veitt hjá sálfræðingum *Karla til ábyrgðar* hafi einnig verið jákvætt. Í þessu viðtali fengu þær innsýn í hvers eðlis vandamálið var. Þetta viðtal ásamt viðtali sem sálfræðingur *Karla til ábyrgðar* átti við parið saman varð til þess að eitt paranna áttaði sig á að báðir aðilar ættu sinn þátt í hinu neikvæða samskiptamynstri.

En við fórum bæði á fundi og ákváðum að vandamálið væri beggja megin.

Eða hann fór í þessa meðferð og það sem við erum eiginlega ánægðust með það er að, eða við þykjumst ekkert lengur vera betri en aðrir. Þú veist, við höfum meira bara *sympathy* með fólki og vandamálum og við höfðum, það hafa margir leitað til okkar og ræða um svona, það hefur gefið okkur tækifæri.

Þannig hafði orðið breyting á daglegu lífi kvennanna við það að karlarnir hófum meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* og þær voru því almennt mjög jákvæðar í garð úrræðisins.

Þetta framtak þarna Karlar til ábyrgðar er sko bara mjög, mjög gott.

Þær sem höfðu jákvæða reynslu vildu ráðleggja öðrum í sömu sporum að sækja meðferð. Ein kvennanna minntist þó á það að of fáir vissu af úrræðinu.

Ég náttúrulega ráðlegg öllum sem eiga við þetta að benda mönnum eða benda hjónum á KTÁ það gerir það enginn. Kvænnaathvarfið bendir ekki á það. Það var bara félagsfræðingurinn hérna sem benti á það væri líka hjálp fyrir karlmenn af því ég fór í að vorkenna þegar ég var búin að kæra.

Konurnar voru því ánægðar með viðleitni karlanna til að bæta samskiptin inni á heimilinu og þær fundu fyrir aukinni samkennd með þeim. Aftur á móti höfðu þær færri sögur að segja af beinni breytingu á hegðun makans eftir að hann hóf að sækja meðferð. Ein nefndi það þó að eftir að karlinn fór að sækja meðferð hafi hann farið að taka meira tillit til hennar. Henni fannst hann vera hættur að tala niður til sín og var farinn að sýna því áhuga sem hún var að gera. Þetta varð aftur til þess að þau fóru að sýna hvort öðru meira atlot og voru farin að gera hluti saman sem þau höfðu ekki gert áður, eins og að horfa saman á bíómyndir. Önnur nefndi að þau væru farin að tala meira saman en þau gerðu áður. Ekki höfðu þær þó allar svona jákvæða sögu að segja. Önnur þeirra sem hafði slitið sambandinu við mann sinn hafði áhyggjur af því að fyrrverandi maður hennar segði ekki satt og rétt frá í meðferðinni og að þar af leiðandi gæti meðferðin ekki orðið til að bæta samskipti þeirra á milli.

Í símakönnuninni voru konurnar einnig spurðar út í breytingar á starfi þeirra og breytingar á andlegri og líkamlegri heilsu við það að eiginmaður þeirra eða kærasti hæfi meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*. Tafla 41 sýnir að sjö af hverjum tíu konum töldu andlega heilsu sína hafa batnað eftir

að maki þeirra eða kærasti hóf meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*. Innan við helmingur taldi aftur á móti starfið og líkamlega heilsu hafa batnað.

Tafla 41. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að eftirtaldir þættir séu betri, eins eða verri en þeir voru áður en maki þinn eða kærasti hóf meðferð hjá KTÁ?

	Heldur		Heldur		Fjöldi	Mun eða heldur betri
	Mun betri	betri	Eins	verri		
Eru eftirtaldir þættir betri, eins eða verri en áður?						
Andleg heilsa þín	45%	24%	21%	3%	7%	29 69%
Starf þitt	32%	12%	52%	4%	0%	25 44%
Líkamleg heilsa þín	17%	20%	60%	3%	0%	30 37%

Meirihluti kvennanna varði jafnmiklum tíma í íþrótt- og tómstundastarf og samveru með vinum, kunningjum og nánum ættingjum og þær gerðu áður en maki þeirra eða kærasti hóf meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* (sjá töflu 42).

Tafla 42. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að þú verjir meiri, jafnmiklum eða minni tíma í eftirfarandi en þú gerðir áður en maki þinn eða kærasti hóf meðferð hjá KTÁ?

	Mun	Heldur	Heldur		Mun	Fjöldi	Mun eða heldur meiri
	meiri	meiri	Jafnmiklum	minni	minni		
Verð þú meiri, jafnmiklum eða minni tíma í eftirfarandi?							
Íþrótt- og tómstundastarf	14%	21%	61%	0%	4%	28	36%
Samveru með vinum og kunningjum	7%	14%	61%	14%	4%	28	21%
Samveru með nánum ættingjum	0%	15%	74%	11%	0%	27	15%

Ofbeldisbeiting

Í eigindlegu viðtölunum kom fram að ofbeldisbeitingin hafi gjarnan byrjað snemma í sambandinu, jafnvel strax á fyrsta ári sambandsins. Konurnar nefndu að það hafi tekið tíma að átta sig á því hvað væri að gerast og stundum þurfti þriðja aðila til að benda þeim á að þær byggju við ofbeldi. Ein hafði til dæmis ekki áttað sig á því að um ofbeldisbeitingu var að ræða fyrr en vinkonur hennar bentu henni á það og önnur áttaði sig á vandanum eftir að hafa rætt við prest.

Ég heyrði ekkert talað um ofbeldi. Andlegt ofbeldi, ég vissi ekki að það væri til eitthvað sem hét það fyrr en löngu seinna.

Að sögn kvennanna var aðallega um að ræða andlegt ofbeldi en við ákveðnar aðstæður var líkamlegu ofbeldi einnig beitt. Eins og eftirfarandi tilvitnun ber með sér gat afbrýðisemi verið kveikjan að ofbeldisfullri hegðun maka.

Ég man nú sérstaklega eftir einu atviki á balli. Þá var hann búinn að vera dansandi við allar konur og ég sat ein eftir við borðið og svo kom einhver vinnufélagi hans og settist við hliðina á mér og talaði við mig. Þá kom hann og tók svona hérna aftan í [...] og hann bara „Út, út að fatageymslu“ svo bara „hvað andskotann ert þú að gera?“

Konurnar ræddu um sektarkenndina sem fylgdi ofbeldinu. Þeim fannst þær stundum bera ábyrgð á því að vera beittar ofbeldi því að þær hefðu sagt eða gert eitthvað sem réttlætti ofbeldið og hvort þær gerðu of miklar kröfur.

Ég er bara brotin sál. Mér finnst þetta allt mér að kenna og hefði ekki átt að segja þetta, kenndi mér um. Það var alltaf hjá honum: „Þú lést mig gera þetta.“

Konurnar vildu ekki draga úr sínum hlut ofbeldisins og játuðu sumar að hafa sjálfar beitt maka sinn ofbeldi og að það hefði ýtt undir frekari ofbeldi af hans hálfu. Þannig lýsti ein konan því að í fyrsta sinn sem maður hennar beitti hana ofbeldi hafi hún átt upptökin með því að slá til hans.

Svona fyrsta tilvikið sem hann svona leggur eitthvað á mig hendur, en ég kannski tók því ekki beint þannig þá, af því að ég átti frumkvæðið, [...] en þá hérna, sló ég fætinum í hann og hann [...]sló sem sagt í fótinn á mér til baka með hendinni á sér.

Í símakönnuninni voru konurnar spurðar um ofbeldisbeitingu fyrir og eftir að maki þeirra hóf meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*. Tafla 43 sýnir dreifingu svara við spurningum um ofbeldisbeitingu af hendi maka síðustu þrjá mánuði áður en hann hóf meðferð. Taflan sýnir að sex af hverjum tíu konum hafði verið hrint, þrifið í þær eða snúið upp á handlegginn á þeim og átta af hverjum tíu sögðust hafa verið niðurlægðar eða að makinn hafi móðgað þær þannig að þær urðu leiðar.

Tafla 43. Hversu oft beitti maki þinn eða kærasti þig þessum tegundum ofbeldis síðustu þrjá mánuði áður en hann hóf meðferð hjá KTÁ?

	Daglega eða næstum daglega	U.þ.b. einu sinni í viku	U.þ.b. tvísvar til þrisvar í mánuði	Tvisvar til þrisvar á þessu þriggja mánaða tímabili	Einu sinni	Aldrei	Fjöldi	Einu sinni eða oftar	
								Bar	Procent
Líkamlegt ofbeldi									
Hótaði hann að vinna þér líkamlegt mein, þannig að þú vörðst hrædd?	7%	7%	3%	20%	7%	57%	30		43%
Henti hann einhverju á eftir þér eða barði þig með einhverju?	3%	3%	0%	13%	10%	70%	30		30%
Hrinti hann þér, þreif í eða snéri upp á handlegginn á þér?	3%	13%	0%	17%	27%	40%	30		60%
Sló hann þig með flötum lófa, sparkaði í þig, beit þig eða barði með krepptum hnefa?	3%	7%	0%	7%	23%	60%	30		40%
Tók hann þig kyrrkingartaki eða reyndi að kæfa þig eða brenna?	3%	0%	3%	7%	7%	80%	30		20%
Beitti hann eða hótaði þér með hnifi eða byssu	0%	0%	0%	0%	10%	90%	30		10%
Beitti hann þig líkamlegu ofbeldi á annan hátt sem ekki er búið að nefna?	0%	0%	0%	7%	13%	80%	30		20%
Kynferðislegt ofbeldi									
Reyndi hann að þvinga þig til samfara með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi?	0%	0%	3%	10%	3%	83%	30		17%
Þvingaði hann þig til samfara?	3%	0%	3%	0%	7%	87%	30		13%
Þvingaði hann eða reyndi að þvinga þig til kynlífs með öðrum, þ.m.t. til kynlífs gegn greiðslu?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	30		0%
Beitti hann þig kynferðislegu ofbeldi á annan hátt en búið er að nefna?	3%	3%	3%	0%	10%	80%	50		20%
Andlegt ofbeldi									
Reiddist hann þú þegar þú talaðir við aðra karlmenn?	7%	7%	7%	3%	21%	55%	29		45%
Reyndi hann að hindra samskipti þín við fjölskyldu og vini?	10%	0%	3%	10%	10%	67%	30		33%
Niðurlægði hann þig eða móðgaði þannig að þú varðst leið?	20%	13%	30%	17%	7%	13%	30		87%
Skemmdi hann eða eyðilagði persónulegar eigur þínar?	0%	0%	13%	7%	13%	67%	30		33%
Vann hann einhverjum sem þér þótti vænt um mein, eða hótaði því?	0%	0%	7%	7%	20%	67%	30		33%
Hótaði hann að vinna þér mein ef þú yfirgæfir hann?	3%	0%	0%	7%	17%	73%	30		27%

Tafla 44 sýnir dreifingu svara við spurningu um ofbeldisbeitingu af hendi maka á undangengnum þremur mánuðum. Þar sést að verulega hafði dregið úr ofbeldisbeitingu frá því áður en makinn eða kærastinn hóf meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*. Þó sagðist helmingur kvennanna hafa verið niðurlægðar eða móðgaðar á undangengnum þremur mánuðum.

Tafla 44. Hversu oft hefur hann sýnt þér eftirfarandi hegðun á undangengnum þremur mánuðum?

	Daglega eða næstum daglega	U.þ.b. einu sinni í viku	U.þ.b. til þrisvar í mánuði	Tvísvar til þrisvar á þessu þriggja mánaða tímabili	Tvísvar til þrisvar á þessu þriggja mánaða tímabili				
					Einu sinni	Aldrei	Fjöldi	Einu sinni eða oftar	
Líkamlegt ofbeldi									
Hótaði hann að vinna þér líkamlegt mein, þannig að þú varðst hrædd?	0%	0%	4%	0%	8%	88%	30		12%
Henti hann einhverju á eftir þér eða barði þig með einhverju?	0%	0%	0%	0%	4%	96%	26		4%
Hrinti hann þér, þreif í eða snéri upp á handlegginn á þér?	0%	0%	0%	4%	0%	96%	26		4%
Sló hann þig með flötum lófa, sparkaði í þig, beit þig eða barði með krepptum hnefa?	0%	0%	0%	0%	4%	96%	26		4%
Tók hann þig kyrkingartaki eða reyndi að kæfa þig eða brenna?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	26		0%
Beitti hann eða hótaði þér með hniði eða byssu	0%	0%	0%	0%	0%	100%	26		0%
Beitti hann þig líkamlegu ofbeldi á annan hátt sem ekki er búið að nefna?	0%	0%	0%	0%	8%	92%	26		8%
Kynferðislegt ofbeldi									
Reyndi hann að þvinga þig til samfara með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	26		0%
Þvingaði hann þig til samfara?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	26		0%
Þvingaði hann eða reyndi að þvinga þig til kynlífs með öðrum, þ.m.t. til kynlífs gegn greiðslu?	0%	0%	0%	0%	0%	100%	26		0%
Beitti hann þig kynferðislegu ofbeldi á annan hátt en búið er að nefna?	4%	0%	0%	0%	7%	89%	28		11%
Andlegt ofbeldi									
Reiddist hann þú þegar þú talaðir við aðra karlmenn?	0%	0%	0%	12%	0%	88%	26		12%
Reyndi hann að hindra samskipti þín við fjölskyldu og vini?	0%	0%	4%	0%	0%	96%	26		4%
Niðurlægði hann þig eða móðgaði þannig að þú varðst leið?	4%	8%	19%	8%	12%	50%	26		50%
Skemmdi hann eða eyðilagði persónulegar eigur þínar?	0%	0%	0%	0%	4%	96%	25		4%
Vann hann einhverjum sem þér þótti vænt um mein, eða hótaði því?	0%	0%	0%	0%	15%	85%	26		15%
Hótaði hann að vinna þér mein ef þú yfirgæfir hann?	0%	4%	0%	0%	0%	96%	25		4%

0% 25% 50% 75% 100%

Í töflu 45 er búið að flokka spurningarnar sem sýndar eru í töflum 42 og 43 í þrjár tegundir ofbeldis, þ.e. líkamlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi og andlegt ofbeldi. Taflan sýnir að síðustu þrjá mánuði áður en maki eða kærasti hóf meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* höfðu 83% kvennanna einhvern tíma verið beittar líkamlegu ofbeldi af hendi maka, um þriðjungur hafði verið beittur kynferðislegu ofbeldi og níu af hverjum tíu höfðu verið beittar andlegu ofbeldi. Eftir að makinn eða kærastinn hóf að sækja viðtöl hjá *Körlum til ábyrgðar* dró verulega úr ofbeldisbeitingu af hendi maka þar sem fjórar konur af þeim 30 sem tóku þátt sögðust hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi af hendi maka á undangengnum þremur mánuðum, þrjár kváðust einhvern tíma hafa verið beittar kynferðislegu ofbeldi á þessu tímabili og 17 höfðu verið beittar andlegu ofbeldi.

Tafla 45. Hlutfall kvenna sem höfðu verið beittar líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi síðustu þrjá mánuði áður en maki hóf meðferð á undangengnum þremur mánuðum

	Fjöldi		Hlutfall	
	fyrir meðferð	eftir meðferð	fyrir meðferð	eftir meðferð
Líkamlegt ofbeldi	25	4	83%	15%
Kynferðislegt ofbeldi	9	3	30%	11%
Andlegt ofbeldi	27	17	90%	50%
Fjöldi svara	30	27	100%	100%

Í viðtölunum við konurnar var einnig rætt um hvaða breytingar höfðu orðið á ofbeldishegðun við það að eiginmenn þeirra eða kærastar hófu meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*. Frásagnir kvennanna voru í samræmi við niðurstöður símakönnunarinnar þar sem í sumum tilfellum hafði líkamlega ofbeldið alveg hætt, en andlega ofbeldið var lífseigara. Í því sambandi töluðu konurnar um mikilvægi þess að meðferðin næði yfir lengri tíma. Karlarnir væru mjög uppteknir af því að breyta hegðun sinni til batnaðar í upphafi, en hætti svo til að fara í sama farið eftir ákveðinn tíma.

Og svo kemur hann til mín og það er náttúrulega allt hérna æði, og jólin saman og bara yndi, svo veit ég ekkert hvenær þetta byrjar, hægt og rólega aftur.

Í lok könnunarinnar voru konurnar spurðar hvort þær vildu koma einhverju á framfæri sem tengdist meðferð maka þeirra hjá *Körlum til ábyrgðar*. Þannig gafst þeim tækifæri á að lýsa yfir ánægju sinni eða óánægju með úrræðið eða nefna aðra þætti sem þeim fannst skipta máli. Í töflu 46 er búið að flokka svör kvennanna við spurningunni. Mörg svaranna voru á þá leið að þær væru almennt ánægðar með úrræðið og þrjár kvennanna nefndu að viðtölin hefðu gert

eiginmanni þeirra eða kærasta gott. Þó komu fram nokkrar ábendingar um hvað mætti betur fara. Til dæmis hefðu þrjár kvennanna viljað að maður þeirra hefði fengið fleiri viðtöl, þrjár nefndu að það vantaði eftirfylgni og tvær nefndu að úrræðið þyrfti að vera sýnilegra til þess að fleiri gætu leitað sér hjálpar.

Tafla 46. Viltu koma einhverju á framfæri í lokin varðandi meðferðarúrræðið KTÁ?

	Fjöldi svara
Almennt ánægð með úrræðið	12
Hann hafði almennt gott af viðtölunum	3
Hefðu mátt vera fleiri viðtöl	3
Hefði þurft meiri eftirfylgni	3
Hann var ekki í þessu á réttum forsendum	2
Úrræðið þyrfti að vera sýnilegra	2
Ofbeldisatvikum/reiðikóstum fækkaði við það að hann sótti meðferð	2
Það vantar meiri upplýsingar um KTÁ	1
Úrræðið varð til þess að bæta samskipti hans við börnin	1
Úrræðið varð til þess að minnka spennuna í sambandinu	1
Viðtalið við mig snérist of mikið um hann	1
Hann er enn að hóta mér	1
Meðferðaraðilar hefðu átt að láta mig vita að hann hætti í meðferð	1
Meðferðaraðilar svara ekki tölvupósti	1
Vantar meiri hjónaráðgjöf	1
Viðráðanlegt verð	1

UMRÆÐA

Niðurstöður símakönnunar meðal karla sem hafa nýtt sér meðferðarúrræðið *Karlar til ábyrgðar* og eiginkvenna eða kærasta þeirra benda til þess að það ríki almenn ánægja með úrræðið bæði meðal þeirra sem sækja viðtalsmeðferð og maka þeirra. Frásagnir sex karla og sex kvenna sem rætt var við augliti til auglits um árangur af meðferðinni styðja þessar niðurstöður. Í úttektinni var lögð áhersla á að meta árangur af meðferðarúrræðinu með því að kanna hvaða breytingar verða á hegðun karla við það að sækja viðtalsmeðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*. Margt bendir til þess að úrræðið auki lífsgæði þeirra sem það nýta og fjölskyldna þeirra. Því til stuðnings má benda á að niðurstöður símakönnunar meðal karla leiddu í ljós að félagsleg þátttaka karla sem höfðu farið í fá viðtöl á vegum *Karla til ábyrgðar* var að jafnaði minni en þeirra sem höfðu farið í fleiri en fimm viðtöl. Sömuleiðis var félagsleg þátttaka þeirra sem höfðu verið í meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* í eitt ár eða lengur meiri en þeirra sem höfðu sótt meðferð skemur en eitt ár. Aukin lífsgæði felast einnig í bættum samskiptum inni á heimilinu.

Mikill meirihluti karlanna var í hjónabandi eða sambúð meðan á meðferð stóð og einnig eftir að henni lauk. Hið sama átti við um konurnar sem tóku þátt í símakönnuninni, en 25 af 30 konum sem tóku þátt í rannsókninni voru enn í sambandi eftir meðferðina. Þar af leiðir að þátttakendur af báðum kynjum geta metið hvernig hegðun og framkoma karlanna breytist við meðferðina. Í könnuninni meðal karla og þeirra sem framkvæmd var meðal kvenna kom í ljós að meirihluti bæði karla og kvenna töldu karlinn eiga auðveldara með að halda ró sinni við ögrandi aðstæður eftir að hann hóf meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar*, að hann væri betra foreldri en áður og að hann sýndi maka sinum betri skilning. Sama sjónarmið kom fram í eigindlegu viðtölunum, en karlarnir voru sammála um að í meðferðinni hafi þeir lært að nota aðrar leiðir til að bregðast við áreiti en að beita ofbeldi. Í viðtölum við bæði karla og konur kom fram að sambandið einkenndist af meiri nánd eftir að viðtalsmeðferðin hófst og að rætt væri um vandamál sem upp kæmu í stað þess að deila um þau. Meðferðin virðist þannig hjálpa körlunum til að ná betri tökum á eigin hegðun og framkomu, sem skapar meiri ró á heimilinu og eflir sambandið. Karlarnir segja að þeir geti haft betri stjórn á gerðum sínum en stjórnist ekki bara af utanaðkomandi aðstæðum.

Þar sem meðferðarúrræðinu *Karlar til ábyrgðar* er ætlað að hjálpa körlum að losna úr viðjum ofbeldisbeitingar var lögð áhersla á að kanna hvort dregið hefði úr ofbeldi gegn maka eftir að viðtalsmeðferð hófst. Í símakönnunum meðal karla og kvenna var spurt um ofbeldisbeitingu síðustu þrjá mánuði áður en meðferð hjá *Körlum til ábyrgðar* hófst og á undangengnum þremur mánuðum. Kannanirnar leiddu í ljós að ofbeldisatvikum fækkaði verulega eftir að karlarnir hófu að sækja meðferð. Minnst dró þó úr andlegu ofbeldi. Samanburður á svörum úr könnuninni meðal karla sem höfðu sótt meðferð á vegum *Karla til ábyrgðar* og þeirri sem framkvæmd var

meðal eiginkvenna eða kærasta þeirra bendir þó til að karlar og konur hafi ólíka sýn á það að hvaða marki dregið hafi úr ofbeldinu. Eftir að hafa sótt meðferð sagðist enginn karlanna hafa beitt konu sína kynferðislegu ofbeldi, einungis 4% kváðust hafa beitt líkamlegu ofbeldi og 22% höfðu beitt andlegu ofbeldi á undangengnum þremur mánuðum. Á hinn bóginn sögðust 11% kvennanna hafa verið beittar kynferðislegu ofbeldi af hendi maka á þessu tímabili, 15% höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi og 50% höfðu verið beittar andlegu ofbeldi. Konurnar upplifa því frekar ofbeldi síðustu þrjú mánuðina en karlarnir. Þetta vekur upp spurningar um hvort karlarnir átti sig ekki alltaf á því að þeir séu að beita ofbeldi.

Sem fyrr segir benda niðurstöður úttektarinnar til þess að meðferðarúrræðið *Karlar til ábyrgðar* skili góðum árangri í því að bæta samskipti karla sérstaklega við maka og nánustu ættingja og draga úr ofbeldisbeitingu. Þó verður að setja þann fyrirvara við niðurstöður að hugsanlegt er að karlar sem höfðu neikvæða reynslu af meðferðinni hafi neitað þátttöku í rannsókninni. Þrátt fyrir þennan annmarka er ljóst að meðferðarúrræðið hjálpar stórum hópi karla að takast á við þann vanda sem ofbeldi í nánum samböndum er og bætir lífsgæði bæði karlanna sjálfra og eiginkvenna eða kærasta þeirra.